



**Kíktu í BT**  
**BT**  
 Pollgata 4 • sími 550-4444 • bt.is

Nýtt og öflugt  
**verkfæri**  
 til íbúðakaupa **Íbúðalán.is**  
 www.ibudalan.is

- Greiðslumat á netinu
- Lánsúmsókn á netinu

**Afgreiðsla**  
 Landsbankans  
 í Neista er opin  
 fimmtudaga og  
 föstudaga  
 frá kl. 16-18  
 Sími 410 8119

**Landsbankinn**  
 Sími 410 4156  
 Fax 410 3018

**Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár**  
**BÆJARINS BESTA**  
 Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 6. apríl 2005 • 14. tbl. • 22. árg.

**1. apríl gabb**  
**Fjölmarginir**  
 vildu sjón-  
 varp Snerpu

**Hann leyndi sér ekki**  
**praktarasvipurinn á**  
**Erni og Matthildi þegar**  
**skrifað var undir fyrsta**  
**„samninginn“.**

Frétt bb.is á föstudag um að Snerpa á Ísafirði hefði hafið endurvarp sjónvarpsstöðva með ADSL tækni var apríl gabb eins og flestir glöggir lesendur gerðu sér grein fyrir. Hins vegar eru íbúar Vestfjarða mjög þyrstir í nýja möguleika hvað sjónvarp varðar og því voru margir sem létu blekkjast.

Starfsmenn Snerpu tóku þátt í gabbinu með bb.is og voru með frétt á heimasíðu sinni. Gerði það „fréttina“ trúverðugri fyrir vikið og skráðu nokkrir tugir manna sig fyrir myndlykli á heimasíðunni. Einnig bárust óljósar fréttir af því að fréttin hefði valdið titringi hjá „samkeppnisadílum“ Snerpu á sjónvarpsmarkaðnum.

Starfsmönnum Snerpu er hér með þakkað fyrir aðstoðina við gabbidið og einnig Erni Ingólfssyni sjónvarpsáhugamanni sem tók ljúfmannlega þátt í leiknum. Þeir sem létu blekkjast skulu huggaðir með því að óðum stýttist í að flestir þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum hafi aðgang að þessari nýju tækni.

**Samkeppni á eldsneytismarkaði**

**Einlægur vilji Orkumanna**  
**að opna bensínstöð í maí**



**Verslunarmiðstöðin Ljónið á Skeiði.**

„Það er einlægur vilji okkar að opna bensínstöð Orkunnar á Ísafirði í maí“, segir Gunnar Skaptason framkvæmdastjóri Bensínorkunnar ehf., sem óskaði í desember eftir leyfi til þess að setja upp bensínstöð á lóð verslunarmiðstöðvarinnar Ljónsins en þar er verslun Bónuss m.a. til húsa. Umhverfisnefnd bæjarins tók jákvætt í erindið en taldi að óskaði í desember eftir leyfi til þess að setja upp bensínstöðvar fengist á þessum stað. Einnig þyrfti að breyta vegtengingu við Skutulsfjarðarbraut og ekki væri gert ráð fyrir þeim framkvæmdum í fjárhagsáætlun.


Í framhaldinu bauðst Stella Hjaltadóttir og Jakob Einar Jakobsson voru í sveitum Ísfirðinga sem sigruðu í boðgöngu á Skídamóti Íslands. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Bensínorkan ehf. til þess að kosta breytingar þær sem gera þyrfti til þess að fyrirtækið gæti opnað stöð á þessum stað. Gunnar Skaptason segir að viðræður hafi staðið við Ísafjarðarbæ og Vegagerðina að undanförmu um þær breytingar sem gera þurfi og að hann vonist til þess að þeim ljúki mjög fljótlega þannig að framkvæmdir geti hafist í kjölfarið. Hann segir allan búnað til reiðu og það sé einlægur vilji Orkumanna að opna bensínstöð í maí.

Þess má geta að bensínverð hefur hækkað hjá sumum olíufélaganna á síðustu dögum. Bensínverð hefur þó ekki hækkað hjá Orkuni. Gunnar vildi ekkert segja um hvort og þá hvenær verð myndi hækka hjá Orkuni. Í morgun var verð á 95 oktana bensíni 97,10 á hvern lítra hjá Orkuni í Súðavík en hjá Esso á Ísafirði kostaði lítrinn 102,60 krónur. – [hj@bb.is](mailto:hj@bb.is)

**Skídamót Íslands á Sauðárkróki**

**Sveitir Ísfirðinga sigruðu í boðgöngu**



Sveitir Ísfirðinga sigruðu í boðgöngu á Skídamóti Íslands sem fór fram á Sauðárkróki á laugardag. A sveit Ísafjarðar í karlaflokki vann gull en hana skipuðu Ólafur Th. Árnason, Arnar Björgvinsson og Jakob Einar Jakobsson. Boðgöngu-sveit Ísafjarðar í kvennaflokki sigraði og hana skipuðu Stella

Hjaltadóttir, Katrín Sif Kristbjörnsdóttir og Sólveig G. Guðmundsdóttir. Þá vann B sveit Ísafjarðar silfur en sveitina skipuðu Kristján Rafn Guðmundsson, Kristján Ó. Ásvaldsson og Brynjólfur Óli Árnason. – [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)

**úrval**  
**Samkaup**

**OPIÐ:**  
 virka daga  
 kl. 09 - 21  
 laugard. 10-21  
 sunnud.  
 kl. 12 - 21

Verið  
 velkomin!

**Samkaup úrval**  
**NEISTA**  
 HAFNARSTRÆTI 9-13  
 SÍMI 456 5460

**EIMSKIP er...**

leiðandi þjónustufyrirtæki sem byggir á framúrskarandi tengilandi. Eimskip sérhæfir sig í öllu sem snýr að land-, sjó- og flugflutningi, vörubreiðslu og geymslu. Sérstök áhersla er lögð á að taka með af þörfum viðskiptavina og mæta öllum kröfum þeirra. Það er sameiginlegur metnaður bæði starfsmanna og hléagins að gegna löryskubúverki til framtíðar.

**EIMSKIP**

Kompanía 2 104 Reykjavík Sími 525 1000 Fax 525 1006 www.eimskipa.is



## Rithöfundar kynna verk sín



Edinborgarhúsið.

Hinn árlegi vorboði Edinborgarhússins á Ísafirði, bókmenntadagskráin Vestanvindar, verður haldin annað kvöld klukkan 20.30. Skáldið og rithöfundurinn Eiríkur Örn Norðdahl hefur sett saman dagskrána og kallar til liðs við sig valinkunna rithöfunda sem kynna verk sín um kvöldið. Þeir eru Eiríkur Guðmundsson, Bolvikingur og höfundur 39 þrepa til glötunar, Davíð Stefánsson, fyrrum bakaradrengrur á Ísafirði og höfundur þriggja ljóðabóka, Þórdís Björnsdóttir sem ættuð er úr Mjóafirði og er höfundur ljóðabókarinnar Ást og appelsínur, og að síðustu Guðrún Eva Mínervudóttir sem dvaldist um tíma á Ísafirði. Að auki stíga heimamenn á stökk um kvöldið. Allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.

– halfdan@bb.is

## Góð verkefna- staða KNH

Sigurður Óskarsson framkvæmdastjóri verktaka-fyrirtækisins KNH ehf. á Ísafirði segir verkefnastöðu fyrirtækisins góða um þessar mundir og að starfsmenn fyrirtækisins séu ríflega 50. Fyrirtækið vinnur nú að fjórum verkum sem verða að óbreyttu uppistaðan í verkefnum þess til haustsins. Sem kunnugt er hófu starfsmenn KNH framkvæmdir við vegarkafna á Helliðshéi fyrir skömmu. Verkið felst m.a. í byggingu mislægra gatnamóta við Prengslavegamót. Sigurður segir verkið hafa farið bærulega af stað og þar starfi í dag um 15 starfsmenn. Þeim fjölga á næstunni þegar hlé verður gert á stóru verki sem unnið er að í Borgarfirði. Sigurður segir verkið á Helliðshéi hafi farið ágætlega af stað þrátt fyrir að snjór hafi örlítið verið að stríða mönnum til þessa. Auk þeirra tveggja verka sem áður eru nefnd vinna starfsmenn fyrirtækisins við gerð vegar við Drangnes og þessa dagana er verið að undirbúa niðurrekstur stálþils í höfninni á Bíldudal sem er hluti af framkvæmdum vegna byggingar kalkþörungaverksmiðju.

– hj@bb.is

## Bensinstöð Atlantsolíu tefst en væntanlega gengið frá samningi í apríl

# Segir áhugann ekki hafa minnkað

Framkvæmdastjóri Atlantsolíu segir áhuga fyrirtækisins á byggingu bensinstöðvar á Ísafirði ekki hafa minnkað þrátt fyrir að engar framkvæmdir séu nú hafnar við byggingu stöðvar fimm mánuðum eftir að úthlutun lóðar undir stöðina var staðfest af bæjarstjórn. Hann segir tafir hafa orðið á byggingu bensinstöðvar í Reykjanesbæ sem valdi töfum á Ísafirði. Hann vonast til þess að gengið verði frá samningi við verktaka um bygginguna í apríl.

Sem kunnugt er var Atlantsolíu ehf. úthlutað lóð undir bensinstöð á Skeiði í Skutulsfirði eftir mikil átök í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Félagið sótti um lóðina í ágúst á síðasta ári og var úthlutun lóðarinnar til Atlantsolíu staðfest í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 5. nóvember. Þegar umsókn félagsins var til umfjöllunar í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar sagði einn af þeim aðilum sem unnu að málinu fyrir hönd Atlantsolíu að bensinstöð gæti opnað 90 dögum eftir að lóð væri úthlutað. Nú eru liðnir 150 dagar frá úthlutun lóðarinnar og ekkert bólar á fram-

kvæmdum.

Byggingarleyfi fyrir stöðinni var samþykkt í bæjarstjórn um miðjan desember og þann 17. þess mánaðar sagði Geir Sæmundsson framkvæmdastjóri Atlantsolíu í viðtali við bb.is að bygging stöðvarinnar myndi hefjast mjög fljótlega og að stöðin yrði sú næsta í röðinni á eftir stöð sem félagið hafði þá hafið að byggja á Sprengisandi í Reykjavík. Þann 27. janúar segir Geir í viðtali við bb.is að óðum styttist í framkvæmdir því að framkvæmdum væri að ljúka við stöðina á Sprengisandi.

„Við vinnum með eitt teymi við þessa vinnu og vonandi kemst okkar fólk á fullt í undirbúning framkvæmda á Ísafirði þegar stöðin á Sprengisandi opnar. Þá verður farið í að semja við verktaka og síðan geta framkvæmdir hafist. Verktíminn sjálfur á ekki að þurfa að vera langur en það er ofsnemma að spá í það hvenær við getum opnað fyrir vestan. Við munum hins vegar gera það eins fljótt og hægt er“, sagði Geir þá í viðtali.

Samkvæmt heimasíðu fyrirtækisins var tekin skóflu-



Lóðin þar sem bensinstöð Atlantsolíu mun væntanlega rísa.

stunga að nýrri bensinstöð félagsins í Reykjanesbæ þann 12. mars þrátt fyrir að leyfi til þeirra framkvæmda hafi legið fyrir mun síðar en leyfið á Ísafirði.

Geir segir nú að áhugi þeirra Atlantsolíumanna hafi ekki minnkað á rekstri stöðvar á Ísafirði. „Það var alltaf mein-

ingin að reisa stöðvarnar á Sprengisandi, í Reykjanesbæ og á Ísafirði í samfellu. Framkvæmdir í Reykjanesbæ töfðust hins vegar nokkuð og því hefur upphaf framkvæmda á Ísafirði einnig tafist.“

Aðspurður segir Geir að tæknimenn fyrirtækisins hafi aflað tilboða í byggingu stöð-

varinnar á Ísafirði og að hann vonist til þess að gengið verði frá samningum um bygginguna í þessum mánuði. Hann treysti sér hins vegar ekki til að segja til um það hvenær stöðin myndi opna en sagði byggingu hennar ekki eiga að taka langan tíma.

– hj@bb.is

## Helgarnámskeið í Holti

# Hvernig nálgast á óskir og væntingar



Holt í Önundarfirði

Dr. Árelía Eydís Guðmundsdóttir og Sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir halda námskeið í friðarsetrinu í Holti helgina 15. og 16. apríl. Námskeiðið fjallar um hvernig á að nálgast óskir sínar og væntingar. „Á námskeiðinu verður velt upp spurningum eins og hver er ég og hvað vil ég? Hvernig get ég lært að lifa í samræmi við óskir mínar og þrjár? Það er auðvelt að tapa sjönnum á því sem skiptir máli í lífinu og vita ekki í hvaða átt við stefnum. Á þessu námskeiði er fjallað um mikilvægi þess að komast að því hvað við elskum að gera og setja sér markmið í ljósi þess“, segir í

tilkynningu. Á námskeiðinu verður rætt verður um ýmsar hindranir sem þarf að yfirstíga og mikilvægi þess að tileinka sér jákvætt lífsviðhorf.

Námskeiðið byrjar föstudagskvöldið 15. apríl og stendur þá frá kl. 20-22 og laugardaginn 16. apríl frá kl. 10-17. Námskeiðið kostar 14.000 kr. og byggist á fyrirllesturum og verklegum æfingum.

Skráning á námskeiðið er hjá Höllu Signý í sínum 456-7640 og 898-7640 eða hallak@bifrost.is eða Helgu Dóru í síma 456-7783 eða á netfanginu hdk@tmd.is.

– thelma@bb.is

VICHY  
LABORATOIRES

Kynning á Vichy húðvörum  
í Lyfju Ísafirði miðvikudaginn 6. apríl frá 14-17  
Komið og fáið góð ráð



Húðin inniheldur vatn sem hún bindur til að viðhalda ríttum raka.

VICHY. HEILSULIND HÚÐARINNAR

www.vichy.com

## Menntaskólinn á Ísafirði

## „Framkoma skólameistara ágeng, ógnandi og fjarri meðalhófi góðrar stjórnsýslu“



Menntaskólinn á Ísafirði.

Stjórn kennarafélags Menntaskólans á Ísafirði hefur sagt af sér. Gerðist þetta á fundi kennara sem haldinn var um miðjan dag á mánudag. „Ástæðan er sú að framkoma skólameistara undanfarna daga gagnvart kjörnum trúnaðarmönnum kennara í skólunum hefur verið ágeng, ógnandi og fjarri meðalhófi góðrar stjórnsýslu“, segir Agnes

Karlsdóttir sem þar til í gær var formaður kennarafélagsins.

Boðaður hefur verið annar fundur kennara á föstudag. „Það er gert til þess að félagið verði ekki of lengi án stjórnar. En ég tel mjög ólíklegt eftir fundinn (á mánudag. Innsk: BB) og það sem þar kom fram að nokkur kennari hafi áhuga á því að sitja í stjórn félagsins“,

segir Agnes.

Eins og fram hefur komið hafði Félag framhaldsskólakennara sig í frammi vegna óútkljáðra deilumála við skólann. Lýsti stjórn kennarafélags MÍ stuðningi við Ff og í framhaldinu mun skólameistari hafa tekið stjórnina á beinið og krafði hana skýringa á afstöðu sinni.

Ólína Þorvarðardóttir skóla-

meistari vildi í fréttum RUV ekki kannast við meinta samstarfsörðugleika sem hafi orðið til þess að stjórn félagsins sagði af sér í gær. Ólína segist ekki hafa haft ráðrúm til að ræða við sitt fólk um hvað hafi farið fram á fundinum sem hafi verið haldinn í kjölfar yfirlýsingar stjórnar kennarafélagsins í fjölmiðlum.

– halfdan@bb.is

## Lögreglan á Ísafirði

## Hurð af sorpgámi lenti í höfði starfsmanns Gámapjónustunnar



Sorbrennslustöðin Funi.

Vinnuslys varð við sorpbrennsluna Funa þegar hurð af sorpgámi lenti í höfði starfsmanns Gámapjónustu Vestfjarða á þriðjudagsmorgun í síðustu viku. Ekki var um alvarlegt slys að ræða, að því er fram kemur í dagbók lögreglunnar á Ísafirði.

Lögreglan fór í húsléit á Suðureyri á föstudag, eftir að fengist hafði úrskurður dómara þar um. Ein meðalstór kanna-

bisplanta fannst ásamt tólum og tækjum til fíkniefnaneyslu, sem hald var lagt á. Málið er á lokastigi rannsóknar.

Aðfaranótt annars í páskum kærðu dyraverðir á skemmtistaðnum Sjallanum 16 ára dreng fyrir að framvísa fölsuðum skilríkjum til að komast inn og vera undir áhrifum áfengis. Drengnum var komið til forráðamanna sinna.

Annar í páskum sáu lög-

reglumenn til ökumanns sem þeir höfðu grunaðan um að vera ölvaður. Ökumaður reyndi að komast undan á tveim jafnfljótum, en laganna verðir hlupu hann uppi. Þá kom einnig í ljós að ökumaðurinn hafði tekið bifreiðina ófrjálsri hendi.

Við eftirlit í Ísafjarðardjúpi á annan í páskum var ökumaður stöðvaður og reyndist hafa einum farþega ofaukið í

bifreiðinni. Í aftursætinu voru fjórir farþegar, þrjú börn og fullorðin kona. Konan sat undir einu barninu og voru þau bæði spennit í sama ör-yggisbeltið.

Tilkynnt var til lögreglu að jeppakerru hafi verið stolið frá verslun í miðbænum á laugardag. Kerra þessi er ljósbrún að lit og yfirbyggð. Lögreglan óskar eftir öllum upplýsingum um það mál. – thelma@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

DEILISKIPULAG  
HAFNARSVÆÐIS Á ÍSAFIRÐI

Hafin er vinna við endurskoðun deiliskipulags hafnarsvæðis á Ísafirði. Ráðgjafi Ísafjarðarbæjar við deiliskipulagsvinnuna er arkitektastofan Plan21 ehf., og er verkið unnið undir stjórn Ólafar Guðnýjar Valdimarsdóttur, arkitekts FAÍ.

Hér með er athygli íbúa Ísafjarðarbæjar vakin á fyrirhugaðri skipulagsgerð. Jafnframt gefst þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta tækifæri til að koma á framfæri ábendingum og óskum strax við upphaf verksins.

Athugasendir og óskir skulu vera skriflegar og skulu sendar til tæknideildar Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður fyrir 20. apríl 2005.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.



ÍSAFJARÐARBÆR

## ÍSAFJARÐARBÆR - ÚTBOÐ

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Gatnagerð í Hnífsdal“.

Helstu magntölur.

Uppúrtekt	1.430 m <sup>3</sup>
Fyllingar	1.380 m <sup>3</sup>
Lagnaskurðir	300 m
Holræsalagnir	430 m
Vatnslagnir	250 m
Kantsteinar	300 m
Hellulögn	535 m <sup>2</sup>

Ofangreindu verki skal vera að fullu lokið eigi síðar en 15. júlí 2005. Útboðsgögn eru til sölu á kr. 3.000,- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði. Tilboðin verða opnuð þriðjudaginn 19. apríl nk. kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.



# Dæmdar bætur fyrir að falla í hver

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt íslenska ríkið, Orkubú Vestfjarða og Þörungaverksmiðjuna hf. á Reykhólum til að greiða foreldrum 12 ára gamals drengs tæpar 9,2 milljónir í bætur, en drengurinn datt í hverinn Kraflanda í landi jarðarinnar Reykhóla

þegar hann var þriggja ára og slasaðist alvarlega. Foreldrar drengsins höfðu skaðabótamál fyrir hans hönd á hendur ríkinu, Orkubú Vestfjarða, Þörungaverksmiðjunni og Reykhólahreppi á þeim forsendum að þessir aðilar hefðu allir verið að nokkru marki

umráðamenn jarðhitaréttinda á svæðinu. Töldu foreldrarir að þeirri lagaskyldu hefði ekki verið sinnt, að girða af jarðhitasvæði, sem hætta stafi af.

Héraðsdómur taldi ótvírætt að ríkið, Orkubú Vestfjarða og Þörungaverksmiðjan hefðu haft umráð yfir jarðhitanum

en Reykhólahreppur hafði hins vegar selt öll réttindi sín til nýtingar jarðhita í landi bújarðarinnar Reykhóla til Orkubúsins og var því ekki talinn aðili að málinu.

Þá segir í dómnum, að ljóst sé að hverir eru hættulegir og ekki síst börnum. Umræddur

hver hafi reyndar verið í útjaðri hins eiginlega byggðarkjarna á svæðinu en þó í göngufæri frá honum og af gögnum málsins megi ráða að hann sé órstutt frá svokölluðum læknabústað. Þegar lituð sé til þess að nokkrum árum áður hafði orðið svipað slys á Reykhólum er ung



Orkubú Vestfjarða.

stúlka féll ofan í hver, og til staðsetningar hversins nálægt byggð þar sem börn eru að leik, hafi umráðaaðilum jarðhitasvæðisins mátt vera ljós sú hætta sem stafað gat af þeim hver, sem drengurinn féll ofan í og hafi þeim borið þeim skylda að sjá til þess að hverinn væri girtur af. Með því að umráðaaðilarnir sinntu ekki þessari lagaskyldu sinni hafi þeir orðið bótaskyldir gagnvart drengnum og þyki óhætt að slá því föstu að umrætt slys hefði ekki orðið hefði henni verið sinnt.

## Húsleit á Suðureyri

Lögreglan á Ísafirði gerði húsleit í einbýlishúsi á Suðureyri á föstudag. Húsleitinn var gerð að fengnum húsleitarrúskurði Héraðsdóms Vestfjarða.

Við leitina fundust örfáar kannabíspöntur sem voru undir sérstöku ljósi. Þá fannst einnig töluvert af áhöldum sem virðast hafa verið notuð til meðhöndlunar kannabísefna.

Engin fíkniefni fundust við leitina, utan jurtanna áður nefndu. Húsráðandi var ekki heima þegar húsleitinn var gerð og var hans leitað vegna málsins.

## Styrkir til Vestfjarða

Fornleifasjóður hefur úthlutað styrkjum til tveggja verkefna á Vestfjörðum en stjórn sjóðsins hefur nú lokið úthlutun fyrir yfirstandandi ár.

Ragnar Edvardsson og Náttúrastofa Vestfjarða fengu úthlutað 600 þúsund krónum til verkefnisins „Hvalveiðar Baska við Ísland“ og Sóknarnefnd Hólskirkju fékk úthlutað 300 þúsundum króna til frágangs og úrvinnslu rannsókna á fornleifum við Hólskirkju. Samtals var úthlutað að þessu sinnu tæpum 5 milljónum króna úr sjóðnum.

# SÖNGNÁMSKEIÐ



MARGÁ ELVÖK - söngvari



RÓGNÁ - kennari



HELLA - kennari



JÓNÍ - gottakennari



SÍGRÍÐA - gottakennari

# Söngskólinn kemur til þín!

Dagana 1. júní til 15. júlí verður söngskólinn á ferð og flugi um landið. Hafðu samband og sjáðu hvort þú komist á söngnámskeiðið sem allir eru að tala um.

Kennsla í raddeilingu og sungið við undirleik. Hjónematækni, eukíð sjálfstraust og sjálfsöryggi. Haldnir verða tónleikar á námskeiðinu, nemendur fá upptöku af söng og upphaldslagi sínu á geisladiski í lok námskeiðs.

**Skráning og upplýsingar í síma 575 1512 og 897 7922**

Við bjóðum upp á byrjenda- og frámhaldsnámskeið fyrir tím 11 ára og eldri, unglinga 13 ára og eldri og fullorðna á öllum aldri.

## Söngskólinn

Þákafarí 11 • www.poppaskolinn.is

Ásgeir Ásgeirsson, framkvæmdastjóri rafeindavöruframleiðandans Póls á Ísafirði

# „Markmiðið að reka sterka þróunar- og framleiðslueiningu á Ísafirði“

Ásgeir Ásgeirsson, framkvæmdastjóri rafeindavöruframleiðandans Póls á Ísafirði, segir starf fyrirtækisins hafa eflst til muna síðan Marel tók við rekstri þess fyrir ári. Eins og menn muna vöktu kaupin blendnar tilfinningar margra bæjarbúa sem mörkuðust eflaust af þeirri döpru reynslu sem Vestfirðingar hafa af kaupum fyrirtækja annars staðar af landinu á fyrirtækjum á svæðinu.

„Í kjölfar kaupanna voru gerðar umtalsverðar breytingar á starfsemi og rekstrarumhverfi Póls. Áður en Marel keypti fyrirtækið höfðu forráðamenn Póls farið í skynsamur niðurskurðaraðgerðir og tekið gæfuleg skref inn í framtíðina. Vegna þessa var engin þörf á frekari niðurskurði eftir kaupin. Það hefur verið nóg að gera og reksturinn hefur gengið vel undanfarið

ár“, segir Ásgeir.

„Breytingar á rekstri Póls eftir kaupin voru þrífættar. Í fyrsta lagi fluttum við allt markaðsstarf yfir til Marel, en markaðsstarf vegur mjög þungt í rekstri lítilla fyrirtækja. Önnur aðgerð var sú að fara í gegnum vöruflórana, einfalda hana og einblína á þá sérstöðu sem Póls hefur í samvals- og þökkunarlausnum. Í þriðja lagi voru ákveðin framleiðsluverkefni Marel flutt vestur“, segir Ásgeir.

„Póls á Ísafirði er í raun þróunar- og framleiðslueining í kringum ákveðna vöruflöskyldu sem hefur verið mjög sterk. Við skárum aftur á móti af verkefni sem gáfu ekki neitt og tap var á. Við höfum ekki verið að bæta við fólki, en fyrirtækið hefur verið að eflast og nóg er að gera. Við munum halda áfram að gera viðeigandi breytingar á samsetningu



**Höfuðstöðvar Póls á Ísafirði.**

fyrirtækisins í tengslum við þá þróun sem verður í framleiðsluvörum okkar. Póls er náttúrulega háð Marel, því Marel selur vörur fyrirtækisins og Póls framleiðir einnig vörur fyrir Marel.“

„Þetta hefur verið gæfulegur rekstur síðastliðið ár. Við höfum átt í ágætu samstarfi við 3X-Stál og m.a. unnið með þeim í að koma upp glerblástursklefa sem nauðsynlegur var okkur til að geta framleitt Mar-

el vörur. Sú þjónusta sem 3X veitir Póls gerir okkur kleift að fullvinna ýmis verkefni fyrir vestan. Markmiðið er að reka á Ísafirði sterka þróunar- og framleiðslueiningu fyrir Póls vörur jafnt sem Marel

vörur á ákveðnu sviði. Það er það sem við höfum verið að gera og ætlum að halda áfram að gera“, segir Ásgeir Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Póls á Ísafirði.

– halfdan@bb.is

**Gangaframkvæmdir á Vestfjörðum**

## Stefnumörkun Fjórðungs-sambandsins í fullu gildi



**Fyrirhuguð göng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar.**

Guðni Geir Jóhannesson formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar og formaður Fjórðungs-sambands Vestfirðinga segir að stefnumörkun sambandsins í samgöngumálum frá því á síðasta ári sé í fullu gildi þrátt fyrir samþykkt sveitarstjórnarmanna á norðanverðum Vestfirðum um nauðsyn jarðgangagerðar við Djúp.

Eins og kom fram í fréttum bb.is í síðustu viku samþykktu sveitarstjórnarmenn á norðanverðum Vestfirðum ályktun þar sem bent er á að tryggja þurfi öruggar samgöngur á milli þéttbýlisstaða við Djúp með gerð jarðganga. Í kjölfarið

lýsti Einar Pétursson bæjarstjóri í Bolungarvík þeirri skoðun sinni að færa ætti jarðgöng við Djúp fram fyrir jarðgöng úr Dýrafirði í Arnarfjörð á framkvæmdaáætlun. Guðmundur Sævar Guðjónsson forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar lýsti vonbrigðum með þessa skoðun Einars og sagðist treysta samgönguráðherra til þess að halda mótaðri stefnu í jarðgangamálum.

Guðni Geir segir að stefna Fjórðungssambandsins sé skýr í gerð jarðganga. „Sú stefna var mótuð á síðasta ári að gera skuli jarðgöng úr Dýrafirði og á Barðaströnd í einum áfanga

og sú stefna er óbreytt.“ Guðni Geir segir ljóst að vaxandi þrýstingur sé á framfarir í samgöngumálum með aukinni samvinnu sveitarfélaga og sá þrýstingur muni án efa aukast. „Það er hins vegar mikið áhyggjuefni að samkvæmt þeim fréttum sem við höfum af drögum að komandi vegaáætlun þá er ekki gert ráð fyrir miklum framkvæmdum í Djúpi og Arnkötuldal. Ég vona þó að niðurstaðan verði önnur þegar vinnu við vegaáætlun lýkur“, segir Guðni Geir.

– hj@bb.is

**Beint flug til Mexico í Karabíska hafið með Trans-Atlantic, 13 nætur og 14 dagar**

**Ótrúlegt tilboðsverð fyrir Vestfirðinga**

Heillandi menning Maya indiána – pyramídar, óvilojanleg endalaus hvít strönd, kristallær sjórinn, næst stæsta kórallf heims, næturlíf, vorstánir, skemmtigarðar, ævintýraferðir og þjóðgarður með fjölbreyttu dýralíf t.d. krökkóðilar, apar og jaguar.

**Verðdæmi:**  
 Brottför 25. maí örfá sæti laus vegna forfalls:  
 Los Golondrinas: 3ja stjórnú hótél  
 2ja manna herbergi 79.775 kr.  
 Meðalverð 2 fullorðnir og 2 börn 2-11 ára 73.005 kr.  
 Innifalið: Skattar beint flug, gisting í 13 nætur, akstur til og frá flugvelli.

Real Playa Del Carmen allt innifalið "All inclusive" 4 stjórnú  
 2ja manna herbergi 97.850 kr.  
 Meðalverð 2 fullorðnir og 2 börn 2-11 ára 81.585 kr.  
 Innifalið: Skattar beint flug, gisting í 13 nætur, allir drykkir og matur án takmarka, skipulögð skemmtidagskrá, sýningar á kvöldin (show) barnaklúbbur, akstur til og frá flugvelli og margt fleira.

Flug eingöngu með skófum 49.860 kr.

Brottfarir 9. og 22. júní takmarkað sætamagn  
 Carmen Inn, 3ja stjórnú hótél  
 2ja manna herbergi 69.240 kr.  
 Meðalverð 2 fullorðnir og 2 börn 2-11 ára 73.058 kr.  
 Innifalið: Skattar beint flug, gisting í 13 nætur, akstur til og frá flugvelli.

Real Playa Del Carmen allt innifalið "All inclusive"  
 4 stjórnú hótél, 2ja manna herbergi 125.895 kr.  
 Meðalverð 2 fullorðnir og 2 börn 2-11 ára 108.307 kr.  
 Innifalið: Skattar beint flug, gisting í 13 nætur, allir drykkir og matur án takmarka, skipulögð skemmtidagskrá, sýningar á kvöldin (show) barnaklúbbur, akstur til og frá flugvelli og margt fleira.

Flug eingöngu með skófum takmarkað sætamagn 66.450 kr.

**Nánari upplýsingar hjá Trans-Atlantic**  
 Sími 588 8900 www.transatlantic.is  
 Trans-Atlantic var stofnuð á haustmánuðum 2004 á Akureyri. Hún starfar með það að leiðarjösi að stuðla að auknu ferðavæðingu og ferðum frá landsbyggðinni og kynna nýja og spennandi ferðastaði. All munn Trans-Atlantic kappkosta að bjóða allar ferðir í fullum hagstæðustu ferðir og á sem hagkvæmstu kjörum – viðskiptavinurinn er í fyrsta.



# Ritstjórnargrein

## Er tekið að hausta á ný?

Þegar Þorri og Góa eru að baki, farið að saxast á Einmánuð og því ekki svo ýkja langt í Hörpu með sumardaginn fyrsta, sem boðar „vorið góða, grænt og hlýtt“ er þá ekki fjarri öllu lagi að ætla að tekið sé að hausta á ný?

Með vegaframkvæmdum í Ísafjarðardjúpi, einkum og sér í lagi síðastliðið sumar, urðu margir til að trúa því að loksins færi að hilla undir að sá langþráði draumur rættist, að ferðalöngum til og frá höfuðstað Vestfjarða væri boðið upp á vegi, sambærilega við það sem gerist víðast hvar annarsstaðar á landinu.

Um mitt síðastliðið ár var látið að því liggja að undirbúningur að þverun Mjóafjarðar væri það vel á veg kominn að útboð ætti að geta átt sér stað sem næst áramótum og ef allt gengi eftir gæti framkvæmdum verið lokið síðla árs 2007. Að loknum þessum áfanga, ásamt breikkun slitlags og lagfæringu á nokkrum vegaköflum, hefði loks verið runnin upp sú stund að fáni væri dreginn að húni fyrir því að vegurinn um Ísafjarðardjúp teldist ekki lengur sveitavegur í samanburði við aðra þjóðvegi landsins.

Samkvæmt drögum að vegáætlun árána 2005 til 2009 er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum við þverun Mjóafjarðar fyrr en á síðari hluta tímabilsins. Óljóst er hvenær framkvæmdum á að ljúka. Er með þessu verið að tilkynna Vestfirðingum á kunnuglegan hátt, að það verði ekki fyrr en á öðrum áratug tuttugustu og fyrstu aldarinnar sem fánadagur Djúpvegarins rennur upp?

Prátt fyrir nokkrar óvæntar yfirlýsingar, sem ekki eru í takt við fyrirliggjandi vegáætlanir, er ljóst að stjórnvöld hyggjast hægja á vegaframkvæmdum á þessu ári og hinu næsta vegna framkvæmda á öðrum sviðum. Í umræðum á Alþingi 21. mars staðfesti samgönguráðherra nokkurra vikna gamla yfirlýsingu forsætisráðherra í þessa veru. Af gefnu tilefni gat samgönguráðherra þess þá einnig, að auðvitað hefðu stjórnvöld fullan hug á að standa vel að uppbyggingu í Norðvesturkjördæmi. Og hann áréttaði að svigrúm þar væri býsna gott og það yrði nýtt áfram.

Bæjarins besta neitar að trúa því að það sé aftur tekið að hausta í vegaframkvæmdum í Ísafjarðardjúpi. Ráðherra samgöngumála er heitið svigrúmi í blaðinu til að taka hrollinn úr Vestfirðingum

s.h.

## Orðrétt af netinu

### Tregða stjórveldanna

Í ræðu fyrir stuttu gagnrýndi utanríkisráðherra Indlands, Natwar Singh, kjarnorkuveldi fyrir að hafa ekki tekist að stöðva útbreiðslu kjarnorkuvopna. Gerir Singh kröfu um tvennt, að reglur um eftirlit með útbreiðslu vopnanna verði hertar og að kjarnorkuveldi skeri niður eigin kjarnorkuvopn með „öfturkræfum og staðfestanlegum hætti“. [...] Singh sakar kjarnorkuveldi um tvískinnung gagnvart samkomulaginu. Of mikil áhersla sé lögð á að fylgjast með því hvar kjarnorkuvopnin lendi, en ekki hvaðan þau komi. Tregða Bandaríkjanna og Rússlands við að skera niður kjarnorkuvopn eftir lok kalda stríðsins sýni að þau telji að kjarnorkuvopnaeign sé aðferð til að öðlast áhrif á alþjóðavettvangi.

**murinn.is – Sværris Jakobsson**

**Útgefandi:** H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564

**Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is)

**Fréttastjóri:** Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, [halfdan@bb.is](mailto:halfdan@bb.is) – **Bláðamenn:** Halldór Jónsson, sími 892 2132 [hj@bb.is](mailto:hj@bb.is) – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)

**Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, [halldor@bb.is](mailto:halldor@bb.is)

**Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftaverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

ISSN 1670 - 021X



Húsnæði Miðfells á Ísafirði.

### Rækjuverksmiðja Miðfells hf., á Ísafirði

# Fær heimild til að leita nauðasamninga

Héraðsdómur Vestfjarða féllst í síðustu á ósk Miðfells hf. um heimild til nauðasamninga. Samkvæmt frumvarpi að nauðasamningi er gert ráð fyrir að kröfuhöfum verið boðin greiðsla 30% krafna og að allar kröfur minni en 50 þúsund krónur verði greiddar að fullu. Þá er kröfuhöfum einnig boðið að eignast hlutafé í félaginu kjósi þeir svo. Í úrskurði héraðsdóms kemur fram að fasteignaveðkröfur félagsins séu áætlaðar um 160 milljónir króna, afurðalán félagsins séu um 350 milljónir króna og

skammtímaskuldir um 100 milljónir króna. Helsta eign fyrirtækisins er fasteignin að Sindragötu 1 ásamt vélum, tækjum og búnaði til framleiðslunnar og hráefni og afurðir á hverjum tíma.

Þá kemur fram í úrskurði héraðsdóms að félagið hafi fengið loford fyrir 110 milljóna króna nýju láni sem bundið er ákveðnum skilyrðum. Með því hyggst félagið greiða forgangskröfur og nánar greindar veðkröfur. Að því loknu standi eftir 28,6 milljónir króna sem varið verði til

greiðslu sammingskrafna og kostnaðar af nauðasamningi. Þá kemur fram að sammingsmenn eru 65 samkvæmt lista yfir kröfuhafa. Félagið kveðst samkvæmt þessu ætla að fjármagna nauðasamninginn alfarið með nýju lánsfé og umbreytingu krafna í hlutafé.

Takist nauðasamningar telur félagið að eftir standi skuldir áhvílandi á fasteignum, vélum og tækjum að fjárhæð 200 milljónir króna, sem verði afborgunarlausar á þessu ári, og afurðalán, sem afurðir ásamt kröfum vegna þeirra eigi að

geta staðið undir. Rekstur félagsins er talinn geta staðið undir slíkum efnahag, en þá sé gert ráð fyrir að gengi gjaldmiðla þróist á hagstæðan hátt. Auk þess verði leitað eftir meiru hlutafé til að tryggja reksturinn frekar.

Eins og áður sagði féllst Héraðsdómur Vestfjarða á ósk Miðfells hf. og var Sigurbjörn Magnússon hæstaréttarlögmaður skipaður umsjónarmaður nauðasamninga. Það var Erlingur Sigtryggsson héraðsdómari sem kvað upp úrskurðinn. – [hj@bb.is](mailto:hj@bb.is)

### Guðmundur Sævar Guðjónsson forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar

# „Skoðun bæjarstjórnans í Bolungarvík veldur vonbrigðum“

Guðmundur Sævar Guðjónsson forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar lýsir vonbrigðum með afstöðu bæjarstjórnans í Bolungarvík til forgangsröðunar í jarðgangagerð á Vestfjörðum. Hann segist treysta Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra til þess að halda þeirri stefnu sem boðuð hefur verið að næstu göng sem gerð verða að loknum Héðinsfjarðargöngum verði milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Eins og kemur fram í frétt hér í blaðinu vill Einar Pétursson bæjarstjóri í Bolungarvík að göng milli þéttbýlisstaða við Djúp verði gerð á undan göngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Guðmundur Sævar segir öllum mönnum frjálst að hafa skoðun á samgöngumál-

um.

„Ég verð hins vegar að segja eins og er að yfirlýsing Einars flokksbróður míns og bæjarstjóra í Bolungarvík olli mér vonbrigðum. Sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum mótuðu stefnu sína á síðasta ári og við hana ber að standa. Ég treysti Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra fyllilega til þess að halda því striki sem hann hefur kynnt að næstu jarðgöng á Vestfjörðum verði göng á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar“, segir Guðmundur.

Í áður nefndri stefnumótun Fjórðungssambands Vestfirðinga var rætt um að gera þyrfti jarðgöng úr Dýrafirði og til Barðastrandar í einum áfanga. Samgönguráðherra hefur að



Patreksfjörður.

undanförnu aðeins nefnt jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Aðspurður hvort vegfarendur séu einhverju nær með því að komast úr Dýra-

firði í Arnarfjörð segir Guðmundur Sævar það vissulega mikinn áfanga.

„Vegagerðin hefur sagt að hægt sé að byggja með hóflegum tilkostnaði veg um Dynjandisheiði en í mínum huga verður vegsamband ekki fullnægjandi fyrr en göng verða komin yfir á Barðaströnd. Sá áfangi er þó lengra undan og ég get vel fallist á að sá áfangi bíði þar til göng í Djúpi verða komin. Við megum ekki gleyma því að það er okkur bráðnaðsynlegt að tengja norður- og suðursvæði Vestfjarða saman. Með aukinni uppbyggingu ýmissa stofnana á Ísafirði ef nauðsynlegt að samgöngur batni á milli svæðanna“, segir Guðmundur Sævar. – [hj@bb.is](mailto:hj@bb.is)



**Einar Pétursson bæjarstjóri í Bolungarvík**

# Vill göng við Djúp á undan Dýrafjarðargöngum

Einar Pétursson bæjarstjóri í Bolungarvík segir að setja eigi göng á milli þéttbýlisstaða við Djúp framur í framkvæmdaröð en göng á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar sem

samgönguráðherra hefur sagt að verði næstu göng á eftir Héðinsfjarðargöngum. Hann segir íbúa við Djúp og þá sérstaklega í Bolungarvík orðna fullsadda á ástandi samganga

á svæðinu og vísar þar m.a. til slyss sem varð á Óshlíð á dögum þegar aðeins hársbreidd skyldi milli feigs og ófeigs. Í síðustu viku var haldinn sam- eiginlegur fundur sveitar-



Hrafseyri.

**Staða framkvæmdastjóra Hrafseyrarnefndar**

## Tveir tugir vilja starfið

Alls hefur 21 umsókn borist um stöðu framkvæmdastjóra Hrafseyrarnefndar, en umsóknarfrestur rann út í síðustu viku. Eins og sagt hefur verið frá lætur Hallgrímur Sveinsson staðarhaldari á Hrafseyri senn af störfum og ákvað

Hrafseyrarnefnd að auglýsa starfið laust til umsóknar. Starfið er hlutastarf og er það fólgið í umsjón og uppbyggingu Hrafseyrar auk reksturs á safni Jóns Sigurðssonar forseta og veitingarekstri í burstabænum. Aðspurður

segir Eiríkur Finnur Greipsson, formaður Hrafseyrarnefndar, að stefnt sé að því að taka ákvörðun um ráðningu í þessari viku. Hann vildi ekki tjá sig að öðru leyti um málið að svo komnu.

– halfdan@bb.is

## Ráðstefna um ferðamennsku og náttúru Vestfjarða

Ráðstefna sem ber yfirskriftina „náttúra Vestfjarða og ferðamennska“ verður haldin á Ísafirði dagana 15.-16. apríl. Að henni standa Ferðamálasamtök Vestfjarða, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Náttúrustofa Vestfjarða. Eins og nafn ráðstefnunnar gefur til kynna verður þema hennar náttúra Vestfjarða og hvernig hægt er að tengja hana ferðamennsku á svæðinu þannig að hagsmunir ferðapjónustuaðila og ferðamanna fari saman. „Markmið ráðstefnunnar er að svara mjög sértækum spurningum um náttúru og ferðamennsku, s.s. hvaða náttúrufyrirbæri eru á Vestfjörðum, hvar eru þau, hverjir vilja skoða þau, hvenær og hvað má það kosta“, segir í tilkynningu.

við ferðapjónustu, vetrarferðamennsku og lúxusferðamennsku á Vestfjörðum, þjóðgarða, friðlönd, ferðamennsku og þolmörk, markaðssetningu jaðarbyggða í Skotlandi, aðgengi inn á svæðið og innan þess, öryggi ferðamanna í óbyggðum og fornleifar á Vestfjörðum. Þá verða kynnt verkefni sem verið er að vinna

áð á svæðinu, s.s. víkingaverkefnið sem unnið er að á Pingeyri.

Ráðstefnan verður haldin í Hömrum, sal Tónlistarskólans á Ísafirði, og stendur frá hádegi á föstudegi til kl 16 á laugardag. Áhugasömum er bent á heimasíðu ráðstefnunnar á slóðinni [www.nave.is/ferdaradstefna/](http://www.nave.is/ferdaradstefna/). – halfdan@bb.is



### Bílstjóri óskast

*Bílstjóri óskast til að aka út sendingum á kvöldin frá pósthúsinu á Ísafirði. Getur hafið störf strax.*

*Upplýsingar gefur stöðvarstjóri í síma 456 5000.*



Einar Pétursson bæjarstjóri.

stjórna Bolungarvíkur, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkur og var hann haldinn í Bolungarvík. Fundinn sátu 20 sveitarstjórnarmenn þar með talið framkvæmdastjórnar sveitarfélaganna. Á fundinum var samþykkt svohljóðandi ályktun:

„Sveitarstjórnir á norðanverðum Vestfjörðum eru samála um að tryggja þurfi öruggar samgöngur annars vegar á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur og hins vegar á milli Ísafjarðar og Súðavíkur með jarðgöngum og ljúka þannig þeirri tengingu byggðarlaga á norðanverðum Vestfjörðum í eitt atvinnu og þjónustusvæði, sem hafin var með gerð Vestfjarðaganga“. Var framkvæm-

dastjórn sveitarfélaganna falið að fylgja ályktuninni eftir.

Sem kunnug er hefur mikil umræða farið fram um hugsanlega gerð jarðganga á þessu svæði og er þess skemmt að minnast að nú stendur yfir undirskriftarsöfnun til stuðnings jarðgangagerðinni. Hafa m.a. sveitarstjórnir í Súðavík og formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar skorað á íbúa að taka þátt í undirskriftarsöfnuninni sem m.a. fer fram á vefnum [vikari.is](http://vikari.is).

Einar Pétursson bæjarstjóri í Bolungarvík segir bráðnauðsynlegt að sem fyrst verði bættar samgöngur á svæðinu með gerð jarðganga. „Það ástand sem íbúum hér á svæði-

inu hefur verið boðið upp á er ekki sæmandi í nútímaþjóðfélagi. Það sást best á því slysi sem var á Óshlíðinni fyrir nokkrum dögum síðan þar sem lá við stórslysi sökum grjóthrunns. Fólk hér er orðið fullsatt af þessu ástandi og með þeirri ályktun sem við samþykktum í gær er verið að knýja á um úrbætur. Mín persónulega skoðun er sú að fresta eigi gerð jarðganga úr Dýrafirði í Arnarfjörð og fara í staðinn í gerð jarðganga hér við Djúp. Aðstaður eru slíkar hér á vegum sem mikil umferð fer um að ég tel tíma kominn til þess að breyta okkar áherslum í þessum málum“, segir Einar Pétursson, bæjastjóri.

– hj@bb.is

## Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.  
[www.tg.is](http://www.tg.is)

**TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL**  
Hafnarstræti 1 – Ísafirði  
Sími: 456 3244  
Fax: 456 4547  
Netfang: [etgnr@tg.is](mailto:etgnr@tg.is)  
Heimasíða: [www.tg.is](http://www.tg.is)

**Einbýlishús**

**Seljalandsvegur 48:** 188 m<sup>2</sup> nýlegt einbýlishús á þremur pöllum með innbyggðri bílgeymslu. Verð 16,0 m.kr.

**Sunnuholt 2:** 311 m<sup>2</sup> glæsilegt einb. hús á tveimur hæðum með tvöfaldrí bílgeymslu og rektuðum garði. Verð 20,5 m.kr.

**Seljaland 16:** Stórt 318 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum með 69 m<sup>2</sup> akaþátt og neðri hæð og bílskúr. Verð 16 m.kr.

**Bakkavegur 4b:** 100 m<sup>2</sup> lítið einb. hús, að hluta upp. ásamt nýri viðbyggingu. Verð 3,5 m.kr

**4-6 herbergja íbúðir:** Fjarðarstræti 32 austurendi: 126 m<sup>2</sup> fimm herbergja séríbúð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð 6,5 m.kr.

**Mánagata 2:** 148 m<sup>2</sup> íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt 23,7 m<sup>2</sup> nýrri viðbyggingu. Verð 7,9 m.kr.

**Silfurgata 6:** 5 herb. íbúð á 2.h. ásamt geymslum í kjallara, samtals 212 m<sup>2</sup>. Verð 8,2 m.kr.

**Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!**

**3ja herbergja íbúðir:**

**Stórholt 7:** 75 m<sup>2</sup> íbúð á 2.h. fyrir miðju í snyrtilegu fjölbýli. Verð 5,0 m.kr. **ATTELKKAÐERD**

**Sólgata 8:** 68 m<sup>2</sup> íbúð á neðri hæð í þrjúbýlishúsi. Áhv. ca. 3,2 m.kr. Verð 5,3 m.kr.

**Silfurgata 11:** 56,2 m<sup>2</sup> (75m<sup>2</sup> gölfloður, mikið rými í risi) Áhv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.

**2ja herbergja íbúðir:**

**Eyrargata 6:** 59 m<sup>2</sup> tveggja herbergja íbúð í þrjúbýlishúsi. Verð 3,5 m.kr.

**Urðarvegur 78:** 77 m<sup>2</sup> stór íbúð á 3.hæð f. miðju ásamt geymslu. Gott útsýni yfir bæinn. Verð 6,1 m.kr.

**Engjavegur 33:** 50,4 m<sup>2</sup> íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 4 m.kr.

**Seljalandsvegur 58:** 52,1 m<sup>2</sup> íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfaldrí bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. **Tilboð óskast**

**Atvinnuhúsnæði/ Fyrirtæki:**

**Sólbaðs og nuddstofa til sölu,** leigubæstaða í kjallara að Túngötu 3, Ísafirði. Ymsir fylgihlutir s.s. tvö stratataeki, Turbo ljósabekkur o.fl. **Tilboð óskast**

**Hrannargata 2:** 164 m<sup>2</sup> verslunaruðsnæði á neðri hæð ásamt kjallara. Verð 4 m.kr.

**Árnagata 3:** 562 m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæði við hafnarssvæði. Stórt og rúmgott smíðaverkstæði með skrifstofuástöðu. **Tilboð óskast**

**Pingeyri:** Aðalstræti 23: 150 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum með sólstofu. Verð 4,5 m.kr.

**Bolungarvík:**

**Arbæjarkantur 3:** 1003 m<sup>2</sup> stórt atvinnuhúsnæði, með eigninni getur fylgt vönduð fiskflokunarvél. Einnig kemur til greina að selja eignina í smærri einingum. Verð 20 m.kr.

**Vítastigur 8:** 99,8 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum, allt ný-uppgert. Verð 8,5 m.kr.

**Vítastigur 19:** 73,1 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt 16 m<sup>2</sup> bílgeymslu. **Tilboð óskast**

**Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: [www.tg.is](http://www.tg.is)**



# Aukin bjartsýni í samfélaginu

ISLANDSBANKI | 100%

– rætt við Hallgrím Magnús Sigurjónsson,  
fyrirverandi sjómann og núverandi  
útibússtjóra Íslandsbanka á Ísafirði

Hallgrímur Magnús Sigurjónsson er fæddur og uppallinn á Ísafirði, rekstrarfræðingur að mennt. Fyrir þremur árum tók hann við sem útibússtjóri Íslandsbanka á Ísafirði og hefur getið sér gott orð sem slíkur.

Mikla athygli hefur vakið að Íslandsbanki ákvað að flytja símaskiptiborð sitt til Ísafjarðar. Í því felst að tíu störf að minnsta kosti flytjast til bæjarins og hafði Hallgrímur Magnús forgöngu um það mál. Hefur það vakið von í brjóstum manna að fleiri störf verði flutt út á landsbyggðina en kostir við atvinnurekstur þar koma sífellt betur í ljós. Standa nú vonir til að fleiri stórfyrirtæki og jafnvel opinberar stofnarnir fari að fordæmi Íslandsbanka og flytji störf út á land.

Hallgrímur Magnús hefur þó ekki alltaf setið á bak við skrifborðið. Hann þekkir einnig sjómenskuna til hlítar enda var hann sjómaður drjúgan hluta starfsævi sinnar. Bæjarins besta ræddi við Hallgrím Magnús um starfið, framtíðarhorfur, sjómannslífið og flutning síma vörslu Íslandsbanka til Ísafjarðar.

– Hver var kveikjan af því að fá símaborðið til Ísafjarðar?

„Alveg frá því að ég hóf störf hér hafa menn verið að óska eftir verkefnum til Ísafjarðar en lengi hafa verkefnið verið að færast suður. Þetta var að minnsta kosti 18 manna vinnustaður þegar mest var en nú starfsmenn vinna hér nú. Öll bakvinnslan hefur verið að flytjast suður í gegnum árin. Flutningur símaskiptiborðsins vestur hefur því verið í vinnslu og þar með að fá störf aftur vestur.

Það var ákvörðun stjórnenda bankans þegar á því valt hvort það myndi gerast. Ég tel það vera almennt í þjóðfélaginu að það er alltaf vilji þeirra sem eru við stjórnvöllinn sem ræður ferðinni. Það er alveg sama hvað við djöflumst í þeim hárna fyrir vestan – ef þeir hafa ekki áhuga á að koma verkefnum í framkvæmd sjálfir verður ekkert af því. Sú ákvörðun að flytja símaskiptiborðið til Ísafjarðar sýnir best hug stjórnenda bankans til þeirra sem eru úti á landi. Við erum því að sjálfsögðu mjög

ánægðir með það. Ég hef haldið því fram sjálfur að ekki sé raunverulegur vilji hjá stjórnvöldum til að gera það sem þarf til að flytja fleiri störf til landsbyggðarinnar. Það hefur allavega ekki verið hingað til en ég vona að meira verði um það í framtíðinni.“

– Var það ekki heilmikið ferli að fá stjórnendur bankans til að taka þessa ákvörðun?

„Málinu var kastað fram og til baka og það hefur tekið einhverja mánuði. En eftir að ákvörðunin var tekin hafa hlutirnir gerst hratt og fljótt ráðið í fyrstu stöðurnar. Við fengum mikil og jákvæð viðbrögð og fengum nokkra tugi umsókna. Mikilvægt er að þetta fari vel af stað. Til að byrja með verða tvö skiptiborð, eitt hér á Ísafirði og annað í Reykjavík. Smám saman mun umfangið minnka fyrir sunnan og aukast hér. Fjórir eru nú að hefja störf, tveir í fullu og hinir í hálfu starfi. Ferlið mun gerast í smáskömmtum en vonandi mun næsti áfangi gerast sem fyrst svo við getum byrjað að bæta stöðum við.

Endanleg staðsetning skiptiborðsins hefur ekki verið ákveðin ennþá. Við munum byrja með það í húsnæði Íslandsbanka og sjáum hvað setur. Í sjálfu sér er ekki flókið að koma borðinu upp. Tæknilega séð getur það verið hvar sem er. Ég tel þetta vera mjög gott mál og vona að fleiri eigi eftir að fylgja á eftir. Ég vona að þetta eigi eftir að hafa góð áhrif á samfélagið í framtíðinni.“

## Allt hægt þegar viljinn er fyrir hendi

– Nú hefur þú getið þér gott orð sem útibússtjóri en varst áður sjómaður. Hvað varð til þess að þú söðlaðir um?

„Það er nú kannski ekki mitt að svara því hvort ég hafi getið mér gott orð eða ekki. Ég hóf minn feril sem sjómaður á Júlíusi Geirmundssyni og varð seinna stýrimaður á Guðbjarti með góðum mönnum. Árið 1996 ákvað ég að fara í nám við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Ég reif mig upp með rötum ásamt konu minni, Jóhönnu Einarsdóttur, og tveimur börnum, og vorum við þar í þrjú ár. Sá tími var skemmtileguren strembinn. Ég á margar góðar minningar þaðan. Þetta var mikil breyting og það var erfið ákvörðun að taka af skarið, en þegar hún hafði verið tekin var það mikill léttir. Þetta var ein leið til að koma mér í land. Ekki var um auðugan garð að gresja fyrir stýrimannslærða menn að fara inn í önnur störf og því þurfti ég að bæta við menntunina.

Skólinn á Bifröst heillaði mig og var bara lítill sveitaskóli á þeim tíma. Við vorum um 100 nemendur en þeir eru um 300 í dag. Það var erfitt að byrja og segja má að ég hafi þurft að læra upp á nýtt að læra. Konan mín vann í Borgarnesi á meðan ég var í skólanum. Meðan á dvöl okkar þar stóð stækkuðum við fjöl-

skylduna og eignuðumst barn.

Hugmyndin var alltaf að koma aftur og við leigðum húsið okkar á Ísafirði á meðan við vorum í burtu. Eins og gengur og gerist var ég kominn á þann tímamark að mér fannst tími til kominn að breyta til. Mér fannst ég vera fastur á sjónum en allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi. Ég sé ekki eftir að hafa tekið þessa ákvörðun.

Umhverfið á sjónum hefur mikið breyst, til hins verra vil ég meina. Sjómannslífið er mun minna spennandi en það var áður. Menn eru meira bundnir við kvótakerfið og

hálfgerð skömmtun á öllu. Hlutunum er stýrt meira frá landi heldur en var. Ævintýrin í kringum sjómenskuna eru öll horfin, að mér sýnist. Að menn lendi í aflahrotum er liðin tíð, þegar menn mega bara taka ákveðinn fjölda tonna og eru svo sendir annað. Vinnan sem slík var ekki leiðinleg en langar fjarvistir tóku sinn toll. Sjómennskan var hætt að heilla mig og ég vildi komast í land og vera nærri fjölskyldunni.“

## Ætlaði aldrei að verða bankastarfsmaður

– Var ferill á sjónum það

sem þú stefndir að sem drengur?

„Ég ætlaði mér alltaf að verða togaraskipstjóri þegar ég var yngri. Ég náði því markmiði og fór nokkra túra sem skipstjóri á Guðbjarti. Meðal annars fór ég í Smuguna sem skipstjóri sem var ákveðin lífsreynsla og gaman að hafa próf að það.

Ég ætlaði mér aldrei að verða bankastarfsmaður, það var aldrei inni í myndinni. Það æxlaðist bara þannig eins og svo oft gerist. Í sumar eru þrjú ár liðin frá því að ég tók við sem útibússtjóri en ég var þjónustustjóri í tvö ár áður.





Ég hef því verið við bankann í fimm ár. Eftir að ég útskrifaðist frá Bifröst 1999 starfaði ég eitt ár sem skrifstofustjóri hjá rækjuvinnslunni Nasco í Bolungarvík, sem síðar varð gjaldþrota. Ég starfaði við eitt og annað áður en ég kom í Íslandsbanka og öðlaðist ágætis reynslu sem maður hefur safnað í sarpinn. Einnig hefur reynslan af sjónum nýst mér mjög vel við bankastörfin, því maður býr að tengslum við sjómenn og útgerðarmenn.“

– Er eitthvað sambærilegt með skipstjórarstarfinu og að stýra bankaútibúi?

„Nei, ekki get ég sagt það. Ekki nema ákveðin mannaforráð og samvinna við fólk. Ég hef reyndar aldrei velt því neitt sérstaklega fyrir mér. Bæði störfin eru stjórnunarstörf og markmiðið er að fá fólk til að vinna saman svo að vel gangi.“

**Góðir hlutir gerast hægt**

– Hvernig hefur gengið að stýra útibúinu?

„Það hefur gengið þokkalega, en annars er það ekki alveg mitt að dæma um það. Mér finnst vera aukin bjartsýni í samfélaginu og hef fulla trú á því að sú niðursveifla sem verið hefur hér undanfarin ár sé búin. Ég hef það að minnsta kosti á tilfinningunni. Það segir ákveðna sögu, að hreyfing á fasteignamarkaðnum hefur aukist og fólk er farið að byggja. Það bendir til þess að einhverjir trú á framtíðina á þessum slóðum. Niðursveiflan hefur verið töluverð og fjölgun starfa á svæðinu hjálpar vonandi við að snúa þróuninni í rétta átt. Ég tel að það ferli þurfi að gerast hægt og það sé ekki hollt að koma með stóridju með hundruðum starfa. Það er ekkert endilega farsælli leið heldur er betra að þetta gangi hægt og rólega til baka. Góðir hlutir gerast hægt og þetta er skref í rétta átt.“

– Hve mörg störf býður skiptiborðið upp á þegar það er komið í fullan gang?

„Tíu til fimmtán manns gætu starfað við þetta þess vegna. Símaskiptiborð Sjóvá mun koma inn á þetta skiptiborð í maí og mun það því þjóna 1150 manns að lokum. Síðan eru alltaf möguleikar á meiru. Bankinn er sífellt að stækka í allar áttir og erlendis líka. Möguleiki er því sá að skiptiborðið gæti þjónað erlendu bönkunum líka. Við sjáum hvað setur og tökum eitt skref í einu. En tæknilega séð er það raunhæfur möguleiki. Dæmi eru um það úti í heimi að símsvörum fyrir stórfyrirtæki sé í allt öðru landi en fyrirtækin sjálf starfa í. Það er spennandi að taka þátt í þessu og mikilvægt að það fari vel af stað.“

– Hefur þú einhverjar hugmyndir um það hvað heimamenn gætu gert til að stuðla að því að fá fleiri störf vestur?

„Ég hef svo sem ekki velt því fyrir mér. Stjórnendur og ráðamenn mættu þó vera iðn-

ari að hrinda slíkum verkefnum í framkvæmd og sýna forðæmi. Mín persónulega skoðun er sú að raunverulegur vilji sé ekki fyrir hendi. Góðar hugmyndir virðast alltaf stoppa einhvers staðar í ferlinu. Það er kannski ekkert vit í því að færa starfsemi sem fjöldinn þarf að sækja frá Reykjavík en í svona tilfellum þegar hægt er að sækja þjónustuna með símtali skiptir engu máli hvar sú starfsemi er staðsett. Ekki á að vera sjálfgefið að allt þenjst út í Reykjavík.“

**Tók eitt skref í einu**

– Sérðu fyrir þér einhverja úþpenslu í útibúinu á Ísafirði samfara stækkun bankans?

„Ekki í augnablikinu. Starfsemin helgast af samfélaginu og umsvifin bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum þurfa að aukast til þess að aukning verði hjá okkur. Ég sé því ekki fram á neina stökkbreytingu í viðskiptum. Markaðurinn er tiltölulega lokaður þó að við séum með viðskiptavinum í Reykjavík og víðar. Meðal þeirra eru brottfluttir Ísfríðingar sem vilja halda sínum viðskiptum við okkur.“

– Telurðu að það sé auðveldara að stýra útibúi í svona nánu samfélagi heldur en á stórum stöðum?

„Ég tel það vera á báða bóga. Öll tengsl eru góð upp á viðskiptin, sem getur einnig verið slæmt þegar taka þarf á erfiðum málum. Oft gæti verið betra að vera bláokunnugur viðkomandi þegar viðkvæm mál koma inn á borð hjá manni. Alveg eins og á Stór-Reykjavíkursvæðinu eru kostir og gallar við staðsetninguna. Menn eru meira einir út á landi og skortir þessa nálægð sem býðst í Reykjavík. Þar getur maður stokkið á næsta borð til að ráðfæra sig við starfsfélaga sína. En það hefur verið mjög gott að leita til manna símleidis. Tengsl á milli manna innan bankans eru góð og mikið um fundi, bæði símafundi og annað.“

– Var það metnaður þinn að komast í stöðu útibússtjóra er þú hófst störf sem þjónustustjóri?

„Það æxlaðist bara svona. Ég tók við af Halldóri Margeirssyni forvera mínum þegar hann lét af störfum. Ég hafði ekkert hugsað mér að ráðast í þá stöðu. Ég tók bara eitt skref í einu og þetta kom af sjálfu sér eins og oft vill verða þegar maður stendur á krossgötum og spurning hvaða leið maður velur.“

– Hefur þú aldrei séð eftir að hafa hætt á sjónum?

„Nei, það hef ég ekki gert þó að sjórin heilli alltaf á fallegum dögum. Ég hefur oft samúð með mönnum þegar þeir eru að fara út í leiðinlegum veðrum og þá hugsar maður myndir til baka“, segir Hallgrímur Magnús, sem kvaddi sjóinn og haslaði sér völl sem útibússtjóri og stuðlaði síðan að því að fá störf út á landsbyggðina.

– thelma@bb.is



Magnús Hávarðarson hjá Netheimum, Jón Örn Guðbjartsson frá Íslenskum fyrirtækjum og Halldór Halldórsson við undirskrift samningsins.

**Ísafjarðarbær og Íslensk fyrirtæki skrifa undir samning um smíði vefsíðu**

**Búast má við gerbreyttri heimasíðu bæjarins eftir tvo mánuði**

Ísafjarðarbær og EC hugbúnaður ehf./Íslensk fyrirtæki, hafa gert með sér samning um afnotarétt þess fyrnefnda af ecWeb vefstjórnarkerfinu, uppsetningu og smíði vefsíðu, hönnun útlits og uppfærslur á fyrrgreindu stjórnkerfi. Heildarverð sam-

ingsins er um 1.754 þúsund krónur þegar tekið hefur verið tillit til 800 þúsund króna afsláttar vegna uppþöku núverandi verkefna.

Innifalið er auk vefstjórnarkerfisins kennsla og þjálfun fyrir vefstjóra og námskeið fyrir notendur á Ísafirði. Þá

hefur verið ákveðið að Netheimar á Ísafirði verði þjónustuaðili vefjarins. „Það var skilyrði af okkar hálfu að Netheimar myndu þjónusta vefinn, því við viljum semja við heimafyrirtæki um slíkt“, segir Halldór Halldórsson bæjarstjóri sem undirritaði sam-

ninginn fyrir hönd Ísafjarðarbæjar.

„Í þessari viku hefst vinna við að búa til þessa síðu eftir okkar þörfum. Reiknað er með að sú vinna taki um tvo mánuði, en þá má búast við gerbreyttri heimasíðu Ísafjarðarbæjar.“ – halfdan@bb.is

**Náttúrustofa Vestfjarða**

**Koma fleiri sveitarfélög að rekstrinum?**

Svo gæti farið að fleiri sveitarfélög komi að rekstri Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík ef marka má samþykkt sameiginlegs fundar sveitarstjórnarmanna á norðanverðum Vestfjörðum sem haldinn var í síðustu viku.

Samþykktin var svohljóðandi: „Samþykkt að fela bæj-

ar- og sveitarstjórum að gera tillögu um aðkomu Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurbrepps að rekstri Náttúrustofu Vestfjarða.“

Frá stofnun Náttúrustofu Vestfjarða hefur Bolungarvíkurkaupstaður einn sveitarfélaga staðið straum af rekstrinum auk ríkisins.

– hj@bb.is



Bolungarvík.

**Sveitarstjórnarmenn á norðanverðum Vestfjörðum**

**Vegagerð um Djúp og Arnkötuladal verði lokið 2008**

Sveitarstjórnarmenn á norðanverðum Vestfjörðum telja að ljúka eigi gerð Djúpvegar og lagningu vegar um Arnkötuladag fyrir árið 2008. Bæjarstjórnir í Bolungarvík telur að hugmyndir um annað séu óásættanlegar. Gerð vegaáætlunar til árslok 2009 stendur nú yfir og samkvæmt þeim drögum sem kynnt hafa verið er ekki gertráð fyrir að framkvæmdum við veg um Arnkötuladal verði lokið á gildistíma þeirrar áætlunar.

Sameiginlegur fundur sveitarstjórna á norðanverð-

um Vestfjörðum sem haldinn var í Bolungarvík í síðustu viku samþykkti eftirfarandi tillögu um málið: „Sveitarstjórnir á norðanverðum Vestfjörðum leggja þunga áherslu á að tryggja verði nægilegt fjármagn til að vinna áfram við að ljúka framkvæmdum í Ísafjarðarlöku 2009 stendur nú yfir og samkvæmt þeim drögum sem kynnt hafa verið er ekki gertráð fyrir að framkvæmdum við veg um Arnkötuladal. Ljóst er að veruleg arðsemi er af styttingu leiðarinnar, sem yrði aðaltinging svæðisins við þjóðveg númer eitt og jafnframt mikilvægt hagsmunamál íbúa svæðisins,

fyrirtækja og ferðafólks. Stefnt verði að því að fyrnefndum framkvæmdum verði lokið á árinu 2008.“

Eins og kom fram í frétt bb.is fyrir skömmu stendur nú yfir gerð vegaáætlunar til árslok 2009. Samkvæmt þeim drögum sem lögð hafa verið fyrir þingflokka ríkisstjórnarflokkanna er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum við veg um Arnkötuladal. Einar Pétursson bæjarstjóri í Bolungarvík segir gerð Vegaáætlunar standa yfir þessa dagana og því hafi sveitarstjórnarmönnum á norðanverðum Vestfjörðum

þótt rétt að senda skýr skilað boð um sinn vilja í þeim málum. „Það er óásættanlegt annað en að lokið verði við Djúpið og veg um Arnkötuladal fyrir árslok 2008. Það eru allar forsendur til staðar til þess að af því geti orðið og því ekki nein ástæða til þess að dvelja við það lengur. Séu uppi hugmyndir um annað er þessi samþykkt skýr skilað boð um að þeim hugmyndum verði breitt áður en vinnu við þá áætlun lýkur“, segir Einar Pétursson.

– hj@bb.is



Dýralæknir á Keldum vill að Súðavíkurhreppur ráði tilsjónarmann með sauðfé á Birnustöðum í Ísafjarðardjúpi

# Hreppurinn telur ekki ástæðu til að skipta sér af búskapnum

Sigurður Sigurðsson, dýralæknir á Keldum vill að Súðavíkurhreppur ráði tilsjónarmann með sauðfé á Birnustöðum en sveitarfélagið telur það ekki í sínum verkahring. Einnig telur yfirdýralæknir að með búskap á jörðinni sé verið að brjóta ákvæði uppkaupasamnings sem gerður var á sínum tíma. Sveitarfélagið telur sig ekki aðila að þeim samningi og því geti það ekki brugðist við í málinu.

Eigandi Birnustaða segist þreyttur á sífelldum rógburði nágretta síns og að ekkert sé athugavert við sauðfé sitt. Forsaga málsins er sú að Rafn Pálsson rafvirki á Ísafirði eign-

aðist jörðina fyrir nokkrum árum og hefur síðan stundað þar lítils háttar fjárbúskap til eigin nota. Hefur hann sinnt fénu frá Ísafirði en þaðan er ríflega 100 kílómetra leið. Enginn er búsettur á bænum sjálfum að öðru leyti en því að Rafn hefur dvalið þar um helgar og um nokkurra mánaða skeið á hverju ári.

Á fundi landbúnaðarnefndar Súðavíkurhrepps á dögunum var tekið fyrir erindi frá Sigurði Sigurðssyni dýralækni á Keldum vegna fjárbúskapar á Birnustöðum í Laugardal. Gerir hann athugasemd við að eftirlit með fénu sé ófullnægjandi og að Súðavíkurhreppi

beri að ráða tilsjónarmann. Einnig telur Sigurður að með búskap á Birnustöðum sé verið að brjóta ákvæði uppkaupasamnings milli ríkis og jarðar-eiganda sem fjallar um fjölda búfjár á jörðinni.

Íbókun landbúnaðarnefndar Súðavíkurhrepps kemur fram að nefndin telji það ekki hlutverk sveitarfélagsins að tilgreina tilsjónarmann með fjárbúskap á Birnustöðum. Það sé hlutverk umráðamanns búfjár á jörðinni og vitnar nefndin í því sambandi í lög um búfjárhald þar sem fram kemur að séu: „gripir í hagagöngu, á eyðijörðum eða landspildum þar sem ekki er föst búseta

skal umráðamaður búfjár ætíð tilgreina tilsjónarmann“.

Þá bókaði nefndin að hún telji það ekki hlutverk sveitarfélagsins að bregðast við sé talið að ákvæði uppkaupasamnings milli fyrrverandi landeiganda og ríkisins séu brotin þar sem sveitarfélagið sé ekki aðili að samningnum. Nefndin telur þó skýrt að þrátt fyrir að eigendaskipti hafi farið fram á jörðinni sé það hlutverk núverandi eiganda að fylgja eftir ákvæðum samningsins þar sem þau eru þinglýstar kvaðir á jörðinni. Því til stuðnings bendir nefndin á ákvæði reglugerðar um kaup ríkisins á greiðslumarki sauðfjár þar

sem segir: „Seljendur greiðslumarks skulu undirgangast kvöð um að framleiða ekki sauðfjárafurðir til ársloka 2007. Þeim er þó heimilt að halda allt að 10 vetrarfóðraðar kindur enda séu afurðir þeirra til eigin nota.“

Rafn Pálsson eigandi Birnustaða segist undanfarin ára hafa haldið nokkrar kindur á Birnustöðum. „Þessu áhugamáli mínu hef ég sinnt frá Ísafirði enda hafa orðið miklar framfarir í samgöngum á undanföllum árum. Ég fer þarna inn eftir þrisvar í viku auk þess sem ég dvel þarna nokkra mánuði á ári. Að auki er mér til aðstoðar bóndi í nágrenninu

sem sinnir fénu þá sjaldan að ég kemst ekki til þess. Sauðfé mitt ef mjög vel alið og það hefur verið staðfest með athugunum dýralæknis. Hins vegar hefur einn af mínum nágrönnum alla tíð haft allt á hornum sér vegna þessara skjáta minna og hefur ítrekað dreift rógi um ástand þeirra. Því miður hefur yfirdýralæknir lagt trúnað við þessar sögur og sent þetta erindi til Súðavíkurhrepps. Ég vona að úr því að hann sendi þetta með formlegum hætti þá komi hið sanna í ljós og þessum rógburði linni“, segir Rafn Pálsson eigandi Birnustaða.

— *hj@bb.is*

## Bókaforlagið Bjartur í Reykjavík

# Stofnar dótturfyrirtæki á Ísafirði

Nýtt útgáfufyrirtæki hefur verið stofnað á Ísafirði. Verður það undir stjórn Eiríks Arnar Norðdahl rithöfundar. Um er að ræða dótturfyrirtæki bókaforlagsins Bjarts í Reykjavík. „Traktor er ný útgáfa af foreldri Bjarts sem beitt verður fyrir forskustu bókmenntalega óknytti og skelmisbrögð íslenskra sem erlendra höfunda, með sérstakri áherslu á nýliða í stéttinni, þar sem plægðir verða akkrar hins ókunnna og skemmtilega, hins hlægilega svart-sýna og kauðalega fima.



Eiríkur Örn Norðdahl.

Höfuðstöðvar Traktors verða á Ísafirði, enda má sjá á umferðarskiltum víðsvegar um Reykjavíkurborg að þar er traktoraumferð illa séð nær öllum stundum. Á Ísafirði eru

traktorar hins vegar aufúsgestir á malbikinu, allan liðlangan sólarhringinn“, segir í frétt á vef útgáfufyrirtækisins Bjarts.

— *thelma@bb.is*



Þingeyrarflugvöllur.

## Óskað eftir tilboðum í endurbætur Þingeyrarflugvallar

Ríkiskaup hafa fyrir hönd Flugmálastjórnar óskað eftir tilboðum í endurbætur Þingeyrarflugvallar. Tilboð verða opnuð hjá Ríkiskaupum 12. apríl. Lengja á núverandi flugbraut úr 950 metrum í tæpa

1.100 metra og hækka báða enda þannig að brautin verði lárétt. Þá verður öryggissvæði breikkað úr 10 metrum í 25.

Heildarbreidd flugbrautar með öryggissvæðum verður eftir breikkun 80 metrar.

Klæða á flugbrautina, flughlað og snúningshousa við enda flugbrautar. Þá á að leggja nýjan 0,3 km veg með klæðningu og nýjan 2 km veg með malarslitlagi vegna breytinga á flugbrautinni. — *thelma@bb.is*

● Sælkeri vikunnar • Helga Salóme Ingimarsdóttir á Ísafirði

## Sjávarréttapasta og eftirréttur

Sælkeri vikunnar býður að þessu sinni upp á sjávarréttapasta með rjómaostasósu. Helga Salóme mælir með að rétturinn sé borinn fram með fersku salati og osta/eða hvítlauksbrauði. Þá segir hún að magn grænmetis í réttinn fari eftir smekk hvers og eins. Einnig býður Helga Salóme upp á fljótlega og gómsætan eftirrétt sem bera á fram með ís.

### Sjávarréttapasta

Rauðlaukur  
Gulrætur  
Sveppir  
Paprika

Rækjur  
Hörpuskel  
Matreiðslurjóni  
Stór gráðostur  
Pastaskrúfur  
Salt og pipar

Pastað sodið samkvæmt leiðbeiningum. Skerið grænmetið niður og steikið á pönnu, kryddið með salt og pipar. Bræðið gráðostinn í potti og setjið rjómann með. Hellið rjómaostasósunni yfir grænmetið á pönnunni og látið malla í nokkrar mínútur á vægum hita. Skellið hörpuskel ásamt rækjunum með á pönnuna í lokin. Passið að láta rækjurnar og hörpuskelina ekki sjóða.

### Fljótlegur eftirréttur

Perur í dós  
After eight  
4 eggjahvítur  
4 msk flórskykur

Setjið perurnar í eldfast mót og raðið súkkulaðinu raðað ofan á. Stíffpeytið eggjahvítur og flórskykur og smyrjið svo yfir súkkulaðið og perurnar. Setjið í ofn og bakið við 130°, þangað til eggjahvíturarnar byrja að fá á sig smá lit.

Ég skora á þau skötuhijú Hafðisi Gunnarsdóttur og Shiran Þórisson að verða næstu sælkeri vikunnar.





**Óvenjulegt sendibréf úr fátæktinni í landi hinna nýriku, Rússlandi**

# Vantar konu, kartöflujurt, mjólkurgraut og vinnu

Bæjarins besta fékk fyrir nokkru bréf sem verður að teljast fremur sérstætt, að ekki sé meira sagt. Reyndar hafa fleiri blöð fengið bréf frá þessum ágæta manni, bæði hérlendis og víðar. Þar á meðal er tímaritið Heima er bezt, sem fyrst fékk bréf frá honum fyrir tíu árum en síðast fyrir tveimur árum. Einnig hefur Bæjarins besta undir höndum ljósrit frá því í desember í vetur úr danska héraðsfréttablaðinu Viborg Stifts Folkeblad með sambærilegu bréfi á dönsku. Bréfin eru öll handskrifuð af mikilli vandvirgni.

Bréfritarinn heitir Gleb Terekhin, 45 ára að aldri. Hann skrifar bréf sín, að minnsta kosti þau sem eru á íslensku og dönsku, eingöngu eftir orðabókum. Í bréfinu til Heima er bezt í hitteðfyrri tilgreinir hann afar skilmerkilega orðabókina sem hann notar þá: Rússnesk-íslensk orðabók. Helgi Haraldsson, 1996. Prentað í Singapore í september 1996. Nesútgáfan - Reykjavík - 1996. Singapore \*— 12000 km —\* Reykjavík.

Fyrsta bréf Glebs á íslensku til tímaritsins Heima er bezt fyrir tíu árum hefur verið öllu erfiðara viðureignar vegna þess að þá hafði hann enga rússnesk-íslenska orðabók. Þar greinir hann frá því, að hann hafi notað Danskt-íslenskt orðasafn eftir Ágúst Sigurðsson, gefið út á kostnað höfundar, Reykjavík 1940, og Ensk-íslenska orðabók, útgefandi Ísafoldarprentsmiðja hf., Reykjavík 1972. Gleb kann hvorki ensku né dönsku heldur hefur hann í þessu fyrsta íslenska bréfi sínu notað fyrst bæði rússnesk-danska og rússnesk-enska orðabók til þess að komast svo síðari áfangann með öðrum orðabókum úr dönsku og ensku yfir á íslensku. Miðað við þessa málakunnáttu og þetta verklag verður árangurinn að teljast furðanlega góður og skiljanlegur. Ljóst er að mikil nákvæmnisvinna liggur að baki bréfum Glebs Terekhins – og einbeitt löngun til að sleppa til betra lífs handan við lækinn.

Í Viborg Stifts Folkeblad tilfærir bréfritari einnig rússnesk-dönsku orðabókina sem hann notaði við ritun sína á dönsku. Fyrirsögnin í blaðinu, þar sem sagt er frá bréfinu, nær yfir þvera síðu og hljóðar svo (í íslenski þýðingu Bæjarins besta en ekki bréfritarar): Afar óvenjulegt bókunorð úr fjarlægð.

Í fyrri bréfum kemur fram, að Gleb er strætisvagnstjóri að atvinnu og til skýringar teiknar hann í sum bréf sín myndir af löngum strætisvögnum með liðamótum. Í Viborg Stifts Folkeblad kemur fram að bréfritari er 180 cm á hæð. Með bréfi til Heima er bezt fylgdu einnig ljósrit af tveimur ökuskirteinum bréfritarar ásamt skýringum á því sem í þeim stendur. Einnig var þar tilgreint mun nánar en í bréfinu til

Bæjarins besta hér fyrir neðan hvers hann þarfnast á degi hverjum. Það er á þessa leið – undir ávarpsorðunum Yðar hágöfgi!:

- 0,5 kílógramm brauð
- 1 lítri mjólk
- 1 kg. kartöflujurt
- 3 gramm te
- 15 gr. sykurl
- 30 gr. smjör
- 100 gr. áleggspylsa
- gulrót, laukur venjulegur, rauðrófa
- 200 gr. kál
- 150 gr. fiskur
- handsápa, sjampó, hárvottalögur, þvottaduft, ræstiduft

Bréfið sem Gleb Terekhin sendi núna til Bæjarins besta fer hér á eftir, orðrétt og stafrétt. Ekki hafa því bréf hans til Heima er bezt og Viborg Stifts Folkeblad borið árangur, að því er virðist. Ef einhver vestfirsk kona vill taka bókunorði hans eða ef einhver annar vill liðsinna þessum iðna nákvæmnismanni við að komast út úr fátæktarfangelsi sínu í Rússía væri gaman að fréttu af því þegar þar að kemur. En kannski er hann ekki eins frægur og Bobby Fischer...

MOSKVUHÉRAÐ, 22 FEBRÚAR 2005.

GLEB TEREKHIN  
BOX 26  
PÓSTSTOFA 4  
KRASNOGORSK 4  
MOSKVUHÉRAÐ  
143404 RÚSSLAND

Háttvirtu herrar mínir og frúr!  
Góðir hálsar!  
Ég heiti Gleb Terekhin. Með yðar leyfi, ef þér leyfið, gjörðið svo vel senda í pósti til mér XEROX af tímarit HEIMA ER BEZT Febrúar 2003 síða númer 19 - nitján. Afsakið ónæðið.  
Hvað get ég sagt um sjálfan mig. Verið svo vænn að, ef þér vilduð vera svo vænn hjálpa mig leita finna ógift ógefin íslendingur íslensk kona vegna bréfaskipti og hjónavígsla gifting. Hjálpa mig eiga fararleyfi leyfi til að koma til ÍSAFOLD, ferðaáritun, vegabréfsáritun vegna biðill unnusti. Ég ekki biðja




Þessa mynd af sjálfum sér undir stýri á strætisvagninum lét Gleb Terekhin fylgja bréfi sínu til BB.

yðar peningar. Ég geta vera fær sjálfur sjálfstætt kaupa flugmiði skandinavískur flugfélag SAS MOSKVA ? STOKKHÓLMUR og FLUGLEIÐIR STOKKHÓLMUR / KAUPMANNAHÖFN ? REYKJAVÍK eftir því sem næst verður komis ÁTTA FIMM NÚLL - átta hundruð fimmtíu Bandaríkjadalar. Við eftir komuna til flugvallarvagna KEFLAVÍK ég eiga peninga, vera með hafa peninga á sér SEX NÚLL NÚLL - sex hundruð dollari Bandaríki Norður-Ameríku.


Hjálpa mig leita finna hver sem er, hver sem vera skal, af ýmsu tagi, margháttadur óprifaleg sóðaleg vinna, vinna baki brotnu.

Ég ekki biðja kaup laun. Ég biðja einfaldur venjulegur fæða kostur: brauð, kartöflujurt, mjólkurgrautur.

Virðingarfyllst, Yðar einlægur,  
Gleb Terekhin.  
Ég er 45 ár.



Úr tímaritinu Heima er bezt. Hluti af bréfi Glebs ásamt skýringamyndum af ökutækjum sem hann hefur réttindi til að aka og ljósritum af ökuskirteinum með ítarlegum handskrifuðum skýringum.



Hluti af bréfinu til Bæjarins besta.



## Smáauglýsingar

Til leigu er 3ja herb. íbúð á neðri hæð að Urðarvegi 49 á Ísafirði. Uppl. í síma 456 4244.

Til sölu er stór og glæsileg íbúð á miðh. að Pólgötu 4 á Ísaf. Íbúðin er 118m<sup>2</sup> ásamt bílskúr og eignarlóð. Velk. að skoða. Er á besta stað í bænum. Uppl. gefur Gunnhildur í s. 663 2920.

ÍSAFJARÐAR HÖFUÐKLÚTAR eru nú aftur fánlegir hjá Friðgerði í Fagraholti 3. Þeir eru seldir til styrktar Skjófar. Ísafj. og kosta kr. 1.500,-. Ur síðustu þöntun fengu færri en víldu.

Aðalfundur Hestamannafélagsins Storms verður haldinn í Félagsh. á Þingeyri laugard. 10. apríl nk. kl. 14.00. Dagsskrá fundarinnar samkv. áður út-sendu Fréttabréfi. Stjórnin.

FUNDARLAUNUM HEITIÐ. S.I. haust auglýsti ég eftir fortjaldi af húsbílnum mínum, sem var tekið úr bílskúr. Tjaldið var í bláum poka án stanga. Skorað er á þann sem eitthvað veit um þetta að gera eitthvað í málu-um. 20.000 kr. fundarl. heitið. Engin eftirmál til ger-anda. Uppl. í 893 1658 eða 894 2658.

Til sölu Ford Fiesta árg. '99, skinn 69 þús.km. Góður og sparn. bill. Uppl. í s. 865 6461.

Hæ hó Freyjur .... Freyjurnar fræknu minna á afmælisdag SMF (Austfjarðardeildin sjálf), á mánudaginn var, 04.04.2005. Munið 2.500,- kr innlegg á Ferðastjóðsreikning Frey-anna.Freyjur, feti framfar (LO).

Til sölu dráttarkrókur á RAV4, ónotaður í upphaflegum umbúðum. Selst á hálfvirkni. Uppl. í síma 456 3827.

Til sölu MMC Lancer árg. '91. Tjónaður að framan, ónytur vatnskassi. Fæst á 60.000. Uppl. í síma 695 4180.

Ljósulri kerru var stolið að fararnótt s.l. sunnudags fyrir utan Blómaturninn. Þeir sem geta gefið upplýsingar vinsamlega hringi í síma 456 5297.

Til sölu 4 miðar á tónleika með Kim Larsen í Danmörku 5. júní nk. Á sama stað eru til sölu lítið notuð hjólaskíði. Upplýsingar í síma 456 3976 á kvöldin. Rósa.

Til sölu sumardekk undan Pajero, st. 31". Uppl. í 861 4333.

Ístran burt! Átak fyrir karlmenn hefist 06.04.05. Skráning í síma 8486035. Þórdís.

Til sölu Mercedes benz 240 E árgerð '99. Bílalan getur fylgt. Skipti möguleg. S: 895 0475.

Skodi Pickup með húsi til sölu. Árgerð '95. S: 895 0475.

Til sölu Toyota Tercel árgerð 1984. Uppl. í síma 456-8238.

Dökkbrúnt peningaveski úr kálfaskinni týndist um páska-ana. Finnandi vinsamlegast hringi í síma 849 8699.

## Karvel Pálmason, fyrrv. alþingismaður jafnaðarmanna skrifar

## Karlinn í brúnni – fiskar vel

Ánægjulegt er hversu vel hefur gengið að sameina jafnaðarmenn í einn flokk. Þetta hefði ekki tekist nema vegna þess að góðir menn lögðust margir á árar undir góðri leiðsögn. Undir forystu Össurar Skarphéðinssonar hefur tekist að yfirvinna gamlar deilur og flokkadrætti þannig að íslenskir jafnaðarmenn eru nú allir á sömu skútunni, innanborðs í Samfylkingunni. Þetta hefur yljáð okkur gömlum jafnaðarmönnum og við viljum áfram

sigla þöndum seglum. Við réðum í upphafi ferðar til þess skipstjóra, Össur Skarphéðinsson, sem síðan hefur staðið í brúnni og stýrt skútunni í gegnum brim og boða. Hann hefur reynt farsæll formaður, svo fylgi jafnaðarmanna á Íslandi er nú meira en nokkru sinni í sögunni.

Nú hafa þau tíðindi borist yfir fjöll og sand að margir vilji kjósa annan formann. Þetta minni á þá óeiningu sem var í gömlu flokkunum,



Karvel Pálmason.

flokkadrættina sem ég hélt að við hefðum sagt skilið við með stofnun Samfylkingarinnar. Því hlýtt ég að harma að hinn nýi og stóri flokkur jafnaðarmanna skuli ætla að taka þennan gamla arf frá litlu flokkunum, arfleið flokkadrátta, sundrungardrauginn sem ég hélt að við ætludum að skilja eftir á 20. öldinni.

Að mínu mati hefur Össur staðið sig vel sem formaður, og því lítt skiljanlegt hvers vegna eftt skuli til framboðs

gegn honum. Sú var tíð að menn lögðu mælikvarða á hvernær ætti að skipta um karlinn í brúnni. Ef illa fiskaðist miss-erum saman þótti réttlætanlegt að karlinn í brúnni tæki pokann sinn. Því er nú aldeilis ekki að heilsa, það fiskast vel og Samfylkingin er á góðum skriði.

Jafnaðarmanna á Íslandi bíða mörg verkefni. Ég treysti Össuri til að leiða Samfylkinguna áfram til góðra verka. Karvel Pálmason, fyrrv. alþingismaður jafnaðarmanna.

## Lá við stórslysi eftir mikið grjóthrun á Óshlíð

## Ökumaður vélskóflu slapp lítt meiddur

Mikið lán var að ekki yrði stórslys þegar stór björg féllu á vinnuvél sem vann við að hreinsa rásir á Óshlíð í síðustu viku. Ökumaður vinnuvélarinnar, Sigurgeir Jóhannsson, slapp marinn og skrámaður en vélin er mjög mikið skemmd. Sigurgeir var við vinnu í hjólaskóflu sinni við Sporhamar á Óshlíð. Var hann að hreinsa rásir ofan vegarinnar þegar nokkur björg féllu við og á vinnu-


vélina. Sigurgeir segir þetta hafa gerst mjög hratt.

„Þarna er mikill bratti og því komu skulu björgin sem byssukúlur á vélinni og í kringum hana. Það fyrsta, sem var líklega um fjögur tonn að þyngd, féll á hjólabúnaðinn að framan þannig að ég gat ekki bakkað frá. Síðan féllu fleiri og stærri björg. Eitt skall á vélinni skammt fyrir framan húsið og eitt sem ég held að

hafi verið um 10 tonn að þyngd skall við hlið hússins. Það munaði því aðeins nokkrum millimetrum að ég hefði ekki verið til frásagnar um þennan atburð“, segir Sigurgeir.

Sigurgeir marðist nokkuð á fótum þegar bjargið sem féll framan við húsið lagði niður stjórnúnað vélarinnar. Vélin er mikið skemmd eftir óhappið.

– hj@bb.is



Hér má sjá hversu litlu mátti muna að eitt bjargið lenti beint ofan á húsinu.



Á myndinni má sjá að björg féllu á hjólabúnað vélarinnar og einnig framan við húsið og til hliðar við það.



Mjög bratt er á svæðinu þannig að björgin féllu úr mikilli hæð beint á veginn.

## STAKKUR SKRIFAR

## Glæsileg tónlistarhátíð um páska

**Stakkur** hefur rífað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Skíðavikan fagnaði 70 ára afmæli um liðna páska og heppnaðist afar vel. Það hefðu ekki þótt tíðandi áður fyrri og ætti ekki að vera frásagnarvert nú, nema fyrir það að snjóinn vantaði. Engu að síður komu um eitt þúsund gestir til Ísafjarðar og aðalviðburð páskana hér sóttu hálf annað þúsund manns, sem svarar til helmings íbúafjöldans við Skutulsfjörð. Það er glæsilegt og sýnir að enn stendur Ísafjörður undir nafni sem bær tónlistar, þótt áherslan sé nú ekki á klassíska tónlist, enda er óþarfi að flokka tónlist um of. Öll tónlist er sköpun, bæði þegar samið er og flutt. Mikilvægt er að örva sköpunina og gáfuna sem til þarf. Ljóst er að Muggi hafnarstjóri, Guðmundur Kristjánsson, og sonur hans, Mugison, Elías Örn Guðmundsson hafa sett mark sitt á Ísafjörð með hvatningu og uppsetningu hátíðarinnar „Aldrei fór ég suður“. Hafi þeir feðgar þakkir fyrir.


Hið sama verður sagt við alla sem hafa komið að því að gera þessa glæsilegu hátíð að árlegum viðburði. Fólk sótti hingað frá útlöndum, reyndar þremur heimsálfum. Geri aðrir betur. Ljóst er, ef grannt er skoðað, að tónlistin sameinar fólk og dregur það til sín. Þessa vitneskju og aðstæður eigum við að nota okkur til hins ýrasta. Flestum ber um það saman að fegurð Skutulsfjarðar og Vestfjarða, sé engu lík, eitthvað sem er einstakt og gleymist ekki. Að geta að auki skapað svo glæsilega afþreyingu sem gert hefur verið um

páska er þakkarvert og um leið frábært tækifæri til að sækja fram í ferðaþjónustu. Öll tækifæri þarf að skoða. Eftirtektarvert er að þrátt fyrir marga gesti um hátíðirnar og vel sóttu samkomu var lítið umleikis hjá lögreglu. Þannig er hátíðin frábær dægurstytting sem sameinar kynslóðirnar.

Athyglisvert og ánægjulegt er að margir vinsælir, þekktir og góðir tónlistarmenn sækjast eftir því að fá að koma fram. Þeir telja það sér til virðingar og upphæðar. Það er rétt hjá þeim. Í þessu sambandi er vert að ítreka að þegar vel tekst til velheppnaðar tónlistarhátíðir um allan heim miklum peningum og hafa efnahagsleg áhrif langt umfram það sem hvarflar að flestum. Ekki er mælt með því að hátíðin „Aldrei fór ég suður“ verði gerð að einhverri peningaplokksmaskínu, en bent á, að með því að styrkja stóðir hennar vex vegur Ísafjarðarbæjar og Vestfirðinga. Þau áhrif sem hún hefur haft til kynningar eru gríðarlega mikil og virði margra auglýsinga, sem kosta stórar fjárhæðir. Verru gengur með skíðin og nú hefur landsmótið verið flutt tvisvar, fyrst að austan í Bláfjöll og nú norður í Skagafjörð. Snjóleysið gerir iðkun skíðaþróttarinnar mjög erfiða hérlendis. Hið sama má segja um Skíðavíkuna. Góða veðrið sem við þó viljum svo gjarna gerir okkur eftirt fyrir. En það gerir gestum okkar auðveldara að komast til og frá Ísafirði.

Þá er gott að hafa frábæra afþreyingu og skemmtun. Hafi allir þökk fyrir.





Tilboð 100  
**31%**  
stóðir í kassa  
tíð áttu 100 kr.  
Súsmat Grænmeti  
Kjörkjöt

Tilboð 100  
**33%**  
stóðir í kassa  
tíð áttu 100 kr.  
Súsmat Grænmeti  
Kjörkjöt

Tilboð 100  
**20%**  
stóðir í kassa  
tíð áttu 100 kr.  
Súsmat Grænmeti  
Kjörkjöt

Góður kostur!

# Tilboð 7. - 10. apríl



Tilboð 100  
**35%**  
stóðir í kassa  
tíð áttu 100 kr.  
Súsmat Grænmeti  
Kjörkjöt

Tilboð  
**199 kr**  
tíð áttu 200 kr.  
Súsmat Grænmeti  
Kjörkjöt

Tilboð  
**299 kr**  
tíð áttu 300 kr.  
Súsmat Grænmeti  
Kjörkjöt

Tilboð  
**129 kr**  
tíð áttu 150 kr.  
Súsmat Grænmeti  
Kjörkjöt

Tilboð  
**249 kr**  
tíð áttu 250 kr.  
Súsmat Grænmeti  
Kjörkjöt

Tilboð  
**249 kr**  
tíð áttu 250 kr.  
Súsmat Grænmeti  
Kjörkjöt

Tilboð  
**59 kr**  
tíð áttu 60 kr.  
Súsmat Grænmeti  
Kjörkjöt

Tilboð  
**39 kr**  
tíð áttu 40 kr.  
Súsmat Grænmeti  
Kjörkjöt

Tilboð  
**699 kr**  
tíð áttu 700 kr.  
Súsmat Grænmeti  
Kjörkjöt

Tilboð  
**249 kr**  
tíð áttu 250 kr.  
Súsmat Grænmeti  
Kjörkjöt

Tilboð  
**199 kr/kg**  
tíð áttu 200 kr.  
Súsmat Grænmeti  
Kjörkjöt

Tilboð  
**199 kr**  
tíð áttu 200 kr.  
Súsmat Grænmeti  
Kjörkjöt

Tilboð  
**298 kr**  
tíð áttu 300 kr.  
Súsmat Grænmeti  
Kjörkjöt

Tilboð  
**139 kr**  
tíð áttu 140 kr.  
Súsmat Grænmeti  
Kjörkjöt

Tilboð  
**99 kr**  
tíð áttu 100 kr.  
Súsmat Grænmeti  
Kjörkjöt

## Samkaup úrval



# mannlíf

Ábendingar um efni sendist  
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu  
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn  
6. apríl, 97. dagur ársins 2005

**Pennan dag** árið 1746 fórust tveir af þremur bátum  
sem voru á sjó frá Ingólfshöfða. Eftir það lögðust allir  
sjóróðrar þaðan niður.

**Pennan dag** árið 1941 veiddist lengsti þorskur sem  
vitað er um á Íslandsmiðum, 181 sentimetrar, á línu í  
Miðnessjó.

**Pennan dag** árið 1944 var átta mönnum bjargað þegar  
bandarísk herflugvél steyptist í sjóinn út  
af Vatnsleysuströnd.

**Pennan dag** árið 1979 var úthlutað úr Kvíkmyndasjóði  
í fyrsta sinn. Hæstu styrki hlutu myndirnar *Land*  
og *synir*, Óðal feðranna og *Veidiferðin*.

Heimild: *Dagar Íslands*. Jónas Ragnarsson tók saman.

## ● Á þessum degi fyrir 37 árum



## Vitavörðurinn fékk olíu

Vitaskipið Árvakur braust gegnum ísinn að Hornbjargsvita á  
fimmtudag með olíu handa vitavörðinum þar, og var dælt á land  
olíu sem nægja mun út maí, að því er Jóhann vitavörður tjáði  
blaðinu í símtali. Ísinn hefur verið mjög þéttur út af Hælavíkur-  
bjargi, og hafði skipið reynt nokkrum sinnum að komast þarna  
inn.

Það er ekkert að hjá okkur sagði Jóhann. Þetta er ekki í fyrsta  
skiptið sem hér leggst ís að síðan við komum í vitann. Það hefur  
verið meira og minna af honum undanfarin ár.

Orðið var olíulítið. Það er að segja ég tók olíuna af húsinu 20.  
mars til að vera viss um að hafa nóg á vélarnar út apríl og geta  
annast þjónustuna í vitanum. Það gerði okkur ekkert til, því við  
höfum koksvel í eldhúsinu. Olíunotkun hefur verið lítið meiri en  
venjulega. Þó hefur verið kynt heldur meira, vegna þess hve  
kalt hefur verið og húsið gamalt.

## ● Helgarveðrið

### Horfur á fimmtudag:

Minnkandi norðanátt og él norðan- og austantil, en  
snýst til vestlægra átta með slyddu eða snjókomu

### Horfur á föstudag:

Vestlæg átt og stöku él eða skúrir. Dregur úr frosti og  
yfirleitt frostlaust sunnan- og vestantil.

### Horfur á laugardag:

Suðaustanátt og rigning eða slydda, en úrkomulítið  
norðaustanlands. Hiti víða 0 til 5 stig.

### Horfur á sunnudag og mánudag:

Útlit fyrir austlæga átt með úrkomu um mest allt land.

## ● Spurning vikunnar

Ertu ánægð(ur) með breyttan útsend-  
ingartíma Svæðisútvarps Vestfjarða?

Alls svöruðu 221. – Já sögðu 56 eða 25% – Nei  
sögðu 65 eða 29% – Alveg sama sögðu 100 eða 45%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið  
skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## ● Hvað er að fréttu? • Fjóla Bjarnadóttir, sjúkraliðanemi í Bolungarvík

# Dansað á götum og grillað

Það var ýmislegt um að vera  
í Bolungarvík yfir páskana. Ég  
fór á upprisutónleikana í sund-  
lauginni sem var mjög gaman,  
ég fór að vísu ekki í laugina  
sjálfa en dýfði eyranu ofan í til  
að heyra ómínn.

Mikið af brottfluttum Bolvík-  
ingum voru í bænum yfir pásk-  
ana og mikið af fólki skelli sér  
með snjósleða og skíði upp á

Skálavíkurheiði. Við fengum  
svo fínt veður yfir hátíðina. Þá  
var líka grillað í öðru hverju  
húsi, maður gat nú ekki setið  
á sér þegar matarilmurinn frá  
nágrannanum náði til manns  
að fara líka að grilla

Þá lenti ég í götupartýi á  
Holtastígnum. Þá var bara  
bankað upp á hjá fólki og það  
drifið út frá grillinu í svuntunum

til að dansa konga. Það er  
mjög gaman enda myndaðist  
rífandi stemmning.

Ég fór einnig á miðsvetrar-  
tónleika Tónlistarskóla Bol-  
ungarvíkur og það er greinilegt  
að margir Bolvíkingar eru efni-  
legir í tónlistinni. Mér finnst  
frábært hve fjölbreytt starfið í  
skólanum er miðað við fólks-  
fjöldann.



## ● Innlit til Tinna Óðinsdóttur og Skafta Elíassonar á Ísafirði

# Fundu klósetthurðina innan í vegg



Tinna og Skafti í eldhúsinu.

Skafti Elíasson og Tinna  
Óðinsdóttir búa í gömlu húsi í  
Fjarðarstræti á Ísafirði. Húsið  
var byggt upp úr síðustu alda-  
mótum en eftir að Tinna og  
Skafti tóku við því hafa þau  
gert á því miklar breytingar.

„Við keyptum húsið í des-  
ember 2003. Eftir að hafa átt  
það í nokkurn tíma tók það  
okkur þrjú mánuði að gera það  
upp og höfum ekki gert mikið  
síðan. Það er ýmislegt sem  
við eigum eftir að gera en höf-  
um líka gert miklar breytingar.  
Sem dæmi rifum við niður  
vegg sem skildi að pínulítið  
eldhús, klósett og lítið her-  
bergi. Úr því gerðum við stórt  
eldhús og stórt herbergi.

Litla klósettið á efri hæðinni  
er þar sem áður var skápur og  
stigi niður á neðri hæðina.  
Hurðina fyrir klósettið fundum  
við falda inn í vegg sem við  
brutum niður. Hún er úr sama  
viði og gólfín, við þússuðum  
hana upp og gerðum upp.  
Gólfefnin eru upprunaleg, þau  
hafa verið þússuð upp og  
lökkuð. Einnig brutum við gat  
í gegnum gólfíð til að gera  
stiga á neðri hæðina. Allt höf-  
um við unnið sjálf með aðstoð  
vina og vandamanna“, segir  
Skafti.

Í eldhúsinu þar sem allt er  
glænýtt vekja sérkennilegar  
borðplötur á eldhúsbeknum  
athygli en þær eru í stíl við  
eldhúsbordið.

„Borðplöturnar eru gerðar  
úr gólfílsum. Skafti smíðaði

borðið sjálfur úr sömu flisum  
og burðarbita sem hann þurfti  
að saga burt til að gera stigann  
á neðri hæðina“, segir Tinna.  
Á neðri hæðinni hefur Skafti  
gert mjög skemmtilegt og ein-

stakt baðherbergi.

„Í kringum baðið og sturt-  
una eru kantsteinn og götu-  
hellur. Ég þurfti að hækka bað-  
ið og sturtuna upp því skólpið  
er það hátt uppi. En kjallarinn

liggur þónokkuð neðar en gat-  
an“. Þrátt fyrir breytingar og  
núfímalegt innbú fær húsið að  
halda sínum gamaldags sjarna.  
Viður er áberandi í húsinu sem  
gefur því mikinn hlýleika.



Þessi hurð var falin innan í vegg.



● **Draumaferðin** · Stefán Björgvin Guðmundsson, heimavinnandi húsfaðir

## Fallegt við Karabíska hafið

„Draumaferðin mín er sigling um Karabíska hafið. Alveg frá því að ég sá auglýsingu um ferð um Karabíska hafið fyrir mörgum árum hefur mig dreymt um slíkt ævintýri og stefni leynt að því að fara þangað. Stefnan er að komast í siglingu innan tíu ára.



Mér finnst allt fallegt og heillandi við Karabíska hafið. Veðurblíðan, að sigla um á skemtilegum farkosti og koma við í þeim fjölmörgu fallegum eyjum sem eru þar. Það væri alveg toppurinn,“ sagði Stefán Björgvin Guðmundsson húsfaðir á Ísafirði.



● **Vestfirskar þjóðsögur** · Gísli Hjartarson

## Allir vita það

Guðbjartur Jónsson á Flateyri stofnaði og rak lengi hið ágæta öldurhús Vagninn á Flateyri. Guðbjartur, öðru nafni Vagnstjórinn, er hinn mesti dugnaðarforkur. Hann er frægur fyrir mismæli og ambögur sem velta út úr honum. Eitt sinn var Vagnstjóranum mikið niðri fyrir þegar hann var að ræða við félagá sína um spillingu á Íslandi. Einkum varð honum tíðrætt um Hannes Hólmstein Gissurason og sagði þann fyr aldrei hafa þurft að standa við eigin kenningar. Um einhvern orðróm sem var í gangi um Hannes sagði Guðbjartur: Ég er hissa hvað fáir vita þetta því það vita þetta allir.



Badíð þurfti Skafti að hækka upp og liggja nú að því tröppur.



Borðið smíðaði Skafti úr afgangnum af flisum eldhúsbeknum og burðarbita.



Skafti gerði rúmgóðan stiga sem liggur að neðri hæðinni.

● **Brennslan mín** · Smári Karlsson, iðnverkamaður á Ísafirði

## Gæðapopp, verkalýðssöngur og sovieskt metal

Í hálfgerðum flýti tók ég saman tíu lög sem eru í uppáhaldi. Þau eru af ýmsu tagi og spanna allt frá greddupoppi með Trabant til Bob Dylan.

Fallegur söngur um morð og kristindóminn.

að til. Nú er bara að sjá og heyra hvernig þeim tekst til á nýju plötunni. Greddupopp með stóru Géi.

**8. Can't you hear me knocking- Rolling Stones**  
Féll fyrir þessu lagi er ég var að horfa á Goodfellas, en lagið er í rosalega flottri senu. Gott lag, góð mynd.



Smári Karlsson.

**1. Forever young - Bob Dylan**  
Var að fá í hendur mínar dvd-diskinn The last waltz, þar sem Dylan tekur þetta lag með The Band. Flott stöff.

**4. (we are) the road crew - Motorhead**  
Lofsöngur fyrrum rótarans Lemmy til allra rötara heimsins. Sannkallaður verkalýðs-söngur.

**6. Manifesto- Ham**  
Þetta lag hefur verið mér kært allt frá því ég tók þátt í undankeppni söngkeppni framhaldsskólanna. Ég tapaði.

**9. Ace of spades- Motorhead**  
Besta lag allra tíma. Það þarf ekki að segja meira.

**2. Mercy seat- Nick Cave**

**5. Nasty Boy- Trabant**  
Flottasta lag Trabants hingað.

**7. Perestupi Porok - Black coffee**  
Sovieskt metal sem fær alla í stuð.

**10. Aldrei fór ég suður - Bubbi**  
Bara svona í tilefni Rokk-hátíðarinnar.

● **Sportlið í beinni**

- SkjárEinn:**  
**Laugardagur 9. apríl:**  
 Kl. 14:00 – Enski boltinn: Chelsea – Birmingham  
 Kl. 16:15 – Enski boltinn: Norwich – Man. Utd.  
**Sunnudagur 10. apríl:**  
 Kl. 11:00 – Enski boltinn: Aston Villa – WBA  
 Kl. 15:05 – Enski boltinn: Tottenham – Newcastle  
**Sýn:**  
**Föstudagur 8. apríl:**  
 Kl. 20:00 – US masters  
 Bandaríska meistarkeppnin.  
**Laugardagur 9. apríl:**  
 Kl. 17:50 – Spænski boltinn: La Liga  
**Laugardagur 9. apríl:**  
 Kl. 17:50 – US masters  
 Bandaríska meistarkeppnin.  
**Laugardagur 9. apríl:**  
 Kl. 02:00 – Hnefaleikar: M.A. Berra – Mzonke Fana  
**Sunnudagur 10. apríl:**  
 Kl. 12:50 – Ítalski boltinn: Udinese – Roma.  
**Sunnudagur 10. apríl:**  
 Kl. 12:50 – Meistarad. hb.: Montpellier – Ciudad Real.  
**Sunnudagur 10. apríl:**  
 Kl. 16:50 – Spænski boltinn: Real Madrid – Barcelona.  
**Sunnudagur 10. apríl:**  
 Kl. 12:50 – Ítalski boltinn: Udinese – Roma.  
 Kl. 18:50 – US masters  
 Bandaríska meistarkeppnin.

- Canal + sport:**  
**Laugardagur 9. apríl:**  
 Kl. 21:25 – Ítalski boltinn: Milan – Brescia.  
**Sunnudagur 10. apríl:**  
 Kl. 15:55 – Ítalski boltinn: Udinese – Roma.  
**Sunnudagur 10. apríl:**  
 Kl. 19:00 – Rosenborg – Aalesund.  
**Sunnudagur 10. apríl:**  
 Kl. 19:00 – Malmö – Göteborg.

- Canal + :**  
**Laugardagur 9. apríl:**  
 Kl. 21:25 – Ítalski boltinn: Fiorentina – Juventus.  
**Sunnudagur 10. apríl:**  
 Kl. 15:55 – Ítalski boltinn: Udinese – Roma.

- **Ferming**  
 Ferming í Ísafjarðarkirkju sunnudaginn 10. apríl kl. 14:00. Fermdur verður **Marthen Elvar Veigars-son**, Sólgötu 7, Ísafirði. Foreldrar eru Kristjana B. Marteinsdóttir og Veigar Þór Guðbjörnsson. Skeytasalan í Skátaheimilinu verður opin kl. 14-16.





**Ferðatorg 2005 í Smáralind**

# Vestfirðingar með skemmtilegasta básinn



Suðraen og seiðandi stemning var á bási Vestfjarða. Mynd: Ólafur Sveinn Jóhannesson.

Ferðamálasamtökum Vestfjarða og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða voru veitt verðlaun fyrir fjörugasta og skemmtilegasta básinn á kynningunni Ferðatorg 2005 sem

fór fram í Smáralind um helgina.

„Mér fannst mun meiri umferð um torgið heldur en í fyrra. Við vorum með sólarstrandastemming, vorum í hawaiskyrtum, tókum nokkur létt lög og blönduðum kokteila. Þetta var mjög skemmtilegt“, segir Rúnar Óli Karlsson, ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar.

Á bási Vestfirðinganna var meðal annars til sýnis reka-vidur, þang og einnig var boðið upp á skemmtiatriði þar sem Gísli Súrson brá á leik og Tríó Kristjáns Hannessonar spilaði og söng fyrir gesti.

Öll ferðamálasamtök landsins standa að Ferðatorginu, en þetta er í fjórða sinn sem það

er haldið. Samkvæmt óformlegum tölum frá stjórnendum ferðatorgs 2005 má reikna með að um 15.000 manns hafi sótt kynninguna.

Torgið var sett á föstudag og var þá ferðafrömuður ársins útnefndur. Titillinn í ár hlaut Guðrún Bergmann fyrir uppbyggingu á vistvænni ferðapjónustu á Hellnum á Snæfellsnesi. Þess má geta að í fyrra var viðurkenningin afhent í fyrsta sinn og varð þá fyrir valinu „galdramaðurinn“ Jón Jónsson á Kirkjubóli á Ströndum, sem hefur undanfarin ár unnið að uppbyggingu galdrasýningar.

– thelma@bb.is

**Tónleikar lúðrasveita TÍ í Ísafjarðarkirkju**

# Léttmeti í bland við klassík



Lúðrasveitir Tónlistarskóla Ísafjarðar héldu tónleika í Ísafjarðarkirkju á sunnudag. Meðal laga sem flutt voru má nefna léttmeti eins og Twist and shout og Smoke on the water í bland við klassísk íslensk dægurlög og 19. aldar rómantik. Lúðrasveit Tónlistarskólans er skipuð 24 hljóðfæraleikurum, en skólalúðrasveitina skipa 19 blásarar.

Sem fyrr var það tónlistarkennarinn og trompetleikarinn Madis Mækalle sem leiddi sveitirnar áfram, en undir hans handleiðslu hefur lúðrasveitastarf á Ísafirði blómstrað síðustu misseri.

– halfdan@bb.is

# Hornstrandir ehf. hætta rekstri

Hornstrandir ehf. á Ísafirði sem stofnað var á vordögum ársins 2000 hefur hætt rekstri. Ákvörðun um þetta var tekin fyrir áramót. Hornstrandir ehf. hafa undanfarin fimm sumur haldið uppi áætlanarsiglingum til Hornstrandafriðlands en eigendur félagsins hafa eins og áður segir ákveðið að hætta rekstri.

Félagið gerði út tvo báta, Önnu og Guðnýju. „Þetta gekk ekki upp“, segir Henry Bæringsson, einn eigenda Hornstrandar. „Það var einfaldlega of mikill kostnaður. Ég ætla þó að halda áfram í leiguharki á Önnu, minni bátinum.“ Guðný, stærri bátur félagsins, er enn á Ísafirði en er til sölu.



Henry Bæringsson um borð í Guðnýju.

**Ungar stjörnur í Hömrum**

# Píanó- og söngverk af ýmsum toga



Dzintra Erliha og Maija Kovalevska í Hömrum.

Lettarnir Maija Kovalevska og Dzintra Erliha héldu tónleika í Hömrum, sal Tónlistarskóla Ísafjarðar, á laugardag. Þessar ungu tónlistarkonur eru orðnar þekktar í heimalandi sínu þrátt fyrir ungan aldur. Maija Kovalevska, sem er 25 ára, hefur haldið einsöngstónleika í Lettlandi og víðar, komið fram á listahátíðum og sungið með kórum og hljómsveitum. Þá hefur hún sungið stór óperuhlutverk við lettnesku þjóðaróperuna og unnið til margra verðlauna í alþjóðlegum söngkeppnum. Fyrir skömmu hlaut Maija lettnesku þjóðarverðlaunin í

tónlist sem hlýtur að teljast mikill heiður.

Píanóleikarinn Dzintra Erliha sem er 23 ára hefur einnig haldið tónleika ein og með öðrum í Lettlandi og víðar í Evrópu. Hún hefur unnið til verðlauna í virtum píanókeppnum í Frakklandi, Ítalíu og Kanada.

Á efnisskrá tónleikanna á laugardag voru bæði píanó- og söngverk af ýmsum toga. Á fyrri hluta dagskrárinnar voru eingöngu verk eftir lettnesk tónskáld, en eftir hlé voru fluttar óperuáriur eftir Puccini og Bellini og mazúrkar fyrir píanó eftir Chopin.

– thelma@bb.is

**Deildabikarkeppni KSÍ**

# Bolungarvík sigraði BÍ á Torfnesi

Bolvíkingar sigruðu Boltafélag Ísafjarðar 2-1 í deildabikarkeppni Knattspyrnusambands Íslands á laugardag. Leikurinn fór fram á gervigrasvelli á Torfnesi. Þetta er annar leikur Bolvíkinga í deildabikarkeppninni í ár en

áður hafði liðið litið í lægra haldi fyrir Selfyssingum með átta mörkum gegn tveimur. Þetta var þriðji leikur BÍ en liðið hafði áður tapað fyrir Haukum með 7 mörkum og Gróttu með einu marki.

– thelma@bb.is